



EYÐIBÝLI LANDSINS ▶ 20



Anna María Tómasdóttir  
**FETAR Í FÓTSPOR  
HOLLYWOODSTJARNA**  
▶ 46

Trúlofunarhringar

JÓN & ÓSKAR



Laugavegi 61 | Kringlan | Smáralind | www.jonogoskar.is

# FRÉTTABLAÐIÐ


**HELGARBLAÐ**  
5. júlí 2014  
156. tölublað 14. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ A ÍSLANDI\*



## EKKI BARA SÁ SEM DATT Í SJÓINN

Eiríkur Ingi Jóhannsson afrekaði í liðinni viku að hjóla hringinn einn á rúmum þremur sólarhringum. Eiríkur komst einn af úr sjóslysi við Noregstrendur 2012 en segist ekki vilja vera þekktur sem maðurinn sem datt í sjóinn. ▶ 18



### ER STOLT AF MÖMMU

Lilja Árnadóttir ólst upp hjá þroskaskertri móður og þráði að eiga venjulega fjölskyldu þegar hún var yngri. ▶ 22



### SARA RIEL FRUMSÝNIR Í FELLUNUM

▶ 16



**VAKKA**  
AGNARSDÓTTIR

Fannst gaman að vera valin rauðhærðasti Íslendingurinn ▶ 36

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**KitchenAid**  
THE MORE YOU USE IT  
THE BETTER IT LOOKS

**Einar Farestveit & Co. hf.**  
1964-2014  
Borgarum 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

**SUNDNAMSKEIÐ Í VESTURBÆJARLAUG  
FYRIR 4- 8 ÁRA BÖRN.**

Næstu námskeið 7. til 18. júlí og 5. og 15. ágúst

Skráning fer fram á [www.kr.is/sund](http://www.kr.is/sund)

Upplýsingar í [sund@kr.is](mailto:sund@kr.is)

**Opið allan sólarhringinn**  
í Engihjalla, Vesturbergi  
og Arnarbakka

**Iceland**

## GLEÐIFRÉTTIN

## Gufupönkhátíðin bjargaðist

Það fór eiginlega allt úrskeiðis sem gat farið úrskeiðis við undirbúning fyrstu gufupönkhátíðarinnar á Bíldudal. Allt reddaðist þó að lokum og skemmtu um 400 manns sér á hátíðinni. Um var að ræða fyrstu gufupönkhátíðina sem haldin hefur verið hér á landi.



## FIMM Í FRÉTTUM ÁHYGGJUFULLUR RÁÐHERRA OG ÓÁKVEÐINN BISKUP



**Sigurður Örn Guðafsson** framkvæmdastjóri telur að kanna eigi hvort grundvöllur sé fyrir lífeyris-sjóðina til að höfða mál gegn mats-fyrirtækjum sem ofmátu stöðu bankanna fyrir hrun.



**Eyrún Eypórsdóttir** lögreglu-fulltrúi gagnrýnir yfirstjórn lög-reglunnar og segir að mjög hæfar konur hafi sótt um stöður aðstoðar-yfirlögregluþjóna á höfuðborgarsvæðinu. Engin kona var ráðin en þrjú karlar hreptu hnossið.



**Sigríður Ólafsdóttir** ljósmyndari, betur þekkt sem Sissa, tók u-beygu í lífinu og lét drauminn rætast og stjórnar nú ljósmynda-skólanum þar sem hún elur upp framtíðarljósmyndara.



**Agnes M. Sigurðardóttir**, biskup Íslands, ákvað að hunsu kröfu valnefndar og auglýsti starf sóknarprests í Seljakirkju að nýju.



**Illugi Gunnarsson** menntamálaráðherra segir það áhyggjuefni hversu fáir kennarar hafa háskólagráðu í stærðfræði og hversu illa margir nemendur standa sig í greininni.

## VIKAN 28.06.→04.07.2014

**LAUGARDAGUR Fiskistofa flutt** Sjávarútvegsráðherra tilkynnir starfsmönnum Fiskistofu að stofnunin verði flutt til Akureyrar. Starfmennirnir eru harmi slegnir og fæstir vilja flytja með.

**SUNNUDAGUR Flugvél nauðlendir** Tveir voru um borð í Flugvél sem nauðlenti á golfvöllinum á Vatnsleysuströnd. Þeir slösuðust ekki alvarlega. Vélin var kennsluflugvél frá flugskóla Keilis.

## MÁNUDAGUR

## Bryan Adams á leiðinni

Tónlistarmaðurinn Bryan Adams heldur tónleika á Íslandi í ágúst. Hann ætlar að leika öll sín vinsælustu lög og hefur selt meira en 100 milljónir plötna.



## ÞRIÐJUDAGUR

## Kjöti blandað saman

Upplýsingar skortir fyrir neytendur um hvernig staðið er að framleiðslu á því lambakjöti sem fæst í verslunum. Sauðfjár-bændur segja að það standi á sláturhúsunum að merkja kjötið.

## MIÐVIKUDAGUR Humarræktun í Sandgerði

Ræktun á evrópskum humri í tilraunaskyni er hafin í Sandgerði. Eftirspurn er til staðar hér á þessu rándýra hnossgæti.

## FIMMUDAGUR Meindýraeyðir safnar plötum

Ólafur Sigurðsson, plötusafnari og meindýraeyðir, ferðast gjarnan með grammófón. Hann á yfir þrjátíu þúsund plötur.



## FÖSTUDAGUR Tækifærum fækkar

Tækifærin fyrir menntað fólk eru ekki eins mörg og áður. Fyrirtækin eru enn að hagræða hjá sér og það leiðir til uppsagna. ▶  
SÍÐA 8

Katrín S. Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs. Hlutfall háskólamenntaðra á atvinnuleysissskrá hefur hækkad frá fyrra ári.



„Petta er tólfta árið í röð sem varp fer illa í Eyjum.“

Erpur Snær Hansen, doktor í líffræði.

**VÁ FYRIR HÖNDUM** Miðað við þá fækkun sem orðið hefur í lundastofninum gæti skruðgoggur þessi hér við land komist á alþjóðlegan válista.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Lundinn enn í frjálsu falli

Fækkað hefur um þrjár milljónir í lundastofninum á rúmum áratug. Ungfuglinn er nær horfinn í þremur fjórðungum stofnsins. Lundinn fyllir í raun skilyrði til að komast á alþjóðlegan válista.

**DÝRALÍF** Útlit er fyrir að varp lundans verði með versta móti eitt árið enn og hefur lundastofnin látið svo á sjá að í raun má tala um stofnhrun, segir Erpur Snær Hansen, doktor í líffræði.

Hann er nýkominn úr rannsóknarleiðangri umhverfis landið þar sem hann rannsakaði ástand lundans og annarra sjófugla. „Þetta er tólfta árið í röð sem varp fer illa í Eyjum,“ segir hann.

Hann segir að ætluð stofnstærð við Ísland hafi verið um átta milljónir fugla árið 2003 en nú er hún talin vera um fimm milljónir, sem er 37 prósentu fækkan. Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin IUCN taka saman lista yfir dýrategundir

sem eru í útrýmingarhættu og þar er notast við svokallaðan rauðan lista. Erpur Snær segir að eitt af viðmiðunum sé að ef fækkar um 30 prósent eða meira í einum stofni á áratug teljist hann í hættu og sé því lundinn orðinn tækur á þann lista. „Ungfuglinn, sem er sá fugl sem menn veiða á lundaveiðum, er nánast horfinn í þremur fjórðungum stofnsins,“ segir Erpur Snær.

Þess sjást víðar merki en í Eyjum en Magnús Arnar Jónsson, bóndi í Flatey, segist vart sjá lunda þar lengur. „Hér áður var hægt að veiða þúsund fugla og það sá ekki högg á vatni,“ segir hann. „Nú þorir maður ekki að taka einn ein-

asta fugl. Þetta er fjórða árið sem ég fæ ekki lunda í soðið, maður er eiginlega búinn að gleyma hvernig hann bragðast.“

En hvernig sér Erpur Snær framhaldið með lundastofninn? „Það koma hitaskeið á 70 ára fresti og þá hrynur sílastofnin sem er helsta fæða lundans,“ segir hann. „Nú er slíkt skeið að ganga yfir en ofan á það koma hitabreytingar í sjó sem eru af mannavöldum svo þetta er kannski óvægara en áður. En það á að kólna aftur í kringum 2030 og það er spurning hvernig hann þreyir þórrann þangað til.“

Ekki er þó allt hábohlvað hjá lundanum því honum reidir vel af fyrir norðan land enda er þar nóg slíli að fá. jse@frettabladid.is

## Suður England og Wales 12. – 18. ágúst



## Sjö daga ferð um Suður-England og Wales. Ein af vinsælustu ferðunum okkar

Ekið um borgir og þorp í hjarta Englands og komið víða við. Skemmtileg og fræðandi ferð. Skoðunarferðir alla daga og hálf tæði innifalið. Flogið með Icelandair. Fararstjóri er Emil Örn Kristjánsson  
Verð frá 178.800,-



Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónssonar  
Borgartún 34, 105 Reykjavík, S: 511 1515 • outgoing@gjtravel.is • www.ferdir.is

## Stjórnendur Kaupþings ákærðir fyrir fjárdrátt, umboðssvik og hylmingu: Krefjast nýu milljarða í bætur

**DÓMSMÁL** Í ákæru sérstaks saksóknara á hendur Hreiðari Má Sigurðssyni, fyrrverandi forstjóra Kaupþings, Guðnýju Örnu Sveinsdóttur, fyrrverandi fjármálastjóra, Magnúsi Guðmundssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra Kaupþings í Lúxemborg, og Skúla Þorvaldssyni fjárfesti vegna meints fjárdráttar, umboðssvika og hylmingar eru þau samtals krafín um tæplega nýu milljarða í skaðabætur ásamt vöxtum og dráttarvöxtum.

Hreiðar, Magnús og Guðný eru í ákærinni, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, sögð hafa tvívegis millifært samtals um 6 milljarða króna á reikninga félags í eigu Skúla, honum til hagsbóta. Þá hafi þau að auki misnotað aðstöðu sína með því að láta Kaupþing kaupa skuldabréf af félagi Skúla á verð sem var langt yfir markaðsverði og þannig valdið bankanum fjártjóni.

Með þessum athöfnum hafi þau skapað félagi Skúla óréttmætan ávinning en valdið Kaupþingi tjóni.



**OLLU KAUPÞINGI TJÓNÍ** Fyrrverandi stjórnendur Kaupþings eru sagðir hafa skapað félagi Skúla Þorvaldssonar óréttmætan ávinning. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Afmælisþakkaður.



VW Golf Comfortline 1.4 TSI  
á afmælistilboði:  
**4.120.000 kr.**  
Þú sparar 615.000 kr.

**40** Years GOLF

Í tilefni af 40 ára afmæli VW Golf bjóðum við nokkra sérútbúna Comfortline og Highline bíla á einstöku tilboðsverði og því verður **opið í dag kl. 12-16**. Komdu og tryggðu þér einn þakkaðan af afmælisdóti, tilbúinn á götuna.

**Golf Comfortline 1.4 TSI sjálfskiptur 3.850.000 kr.**

**Aukalega í afmælisútgáfu**

- 17" Dijon felgur með sportfjöðrun
- Skyggðar rúður
- Sportsæti
- R-Line útlit
- Xenon ljós með LED dagljósum
- Panoramic sóllúga

**Afmælisbíl með aukabúnaði 4.735.000 kr.**

**Tilboðsverð 4.120.000 kr.**

**Golf Highline 1.4 TSI sjálfskiptur 4.190.000 kr.**

**Aukalega í afmælisútgáfu**

- 17" Dijon felgur með sportfjöðrun
- Skyggðar rúður
- R-Line útlit
- R-Line innréttingar
- Xenon ljós með LED dagljósum

**Afmælisbíl með aukabúnaði 4.965.000 kr.**

**Tilboðsverð 4.360.000 kr.**



Das Auto.

28.06.2014 → 4.07.2014

**5 ára dóm**

fékk Leon Baptiste í Héraðsdómi Reykjavíkur í vikunni en hann stakk annan mann rétt fyrir ofan hjartað þann 30. mars síðastliðinn.

40.000

stæði fyrir kjúklinga verða í fuglabúinu, sem til stendur að reisa á Rauðalæk, þegar það er komið í fulla stærð.



**18 mánaða**

dóm fékk Andy Coulson, fyrrverandi ritstjóri News of the World, fyrir stórfelldar símahleranir blaðsins.



**11** konur sóttu um þrjár stöður aðstoðaryfirlög-regluþjóna hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu sem þrjár karlar voru svo ráðnir í.

klukkustundir var sonur Justins Ross Harris lokaður inni í bíl á sólríkum degi og lést hann af þeim sökum. Harris verður ákærður.



**32 tyrkneskum vörubílstjórum**, sem íraskir hermenn höfðu tekið sem gísla, var sleppt í vikunni.



Leigja út hæðir í Efstaleiti: **Ríkisútvarpið minnkar við sig**

**ALMANNAPJÓNUSTA** RÚV ohf. hefur ákveðið að auglýsa tvær efstu hæðir útvarpshússins við Efstaleiti til leigu. Breytingarnar eru liður í áherslubreytingum útvarpstjóra og er áætlað að flytja alla starfsemi stofnunarinnar á tvær neðstu hæðir hússins. Heildarstærð hæðanna tveggja er 966 fermetrar. Gert er ráð fyrir að nýir leigjendur taki við keflinu í september. Búist er við að leigan færi RÚV ohf. umtalsverðar tekjur á næstu árum. -ssb



Á **VETTvang** Björgunarsveitarmenn í Ísólfi voru sendir á báti út á Seyðisfjörð.

Týnd en fannst samdægurs: **Hættuástand vegna flugvélar**

**EGILSSTAÐIR** Hættuástandi var lýst yfir síðdegis í gær þegar flugvél hvarf af ratsjá milli Seyðisfjarðar og Loðmundarfjarðar en rétt áður hafði stjórnstöð Landhelgisgæslunnar fengið neyðarkall frá flugmanninum. Hann var einn í vélinni. Vélín lenti síðan rétt eftir fimm í gær á Egilsstaðaflugvelli og var flugmaðurinn heill á húfi. -nej



**EINSTAKT HÚS** Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa er talið alveg einstakt og því er ekki hægt að bera það saman við aðrar byggingar.

→ **Glæsileg og gríðarstór bygging**


„Harpa er um 28 þúsund fermetrar að stærð. Byggingarlóðin er alls 6 hektarar (60 þúsund fermetrar). Heildarbyggingarmagn er 100 þúsund fermetrar ofanjarðar og 90 þúsund fermetrar neðanjarðar. Harpa er 43 metrar á hæð frá götu.“ Þannig er Hörpu lýst í matsgerðinni. „Aðkoman að húsinu er sérlega glæsileg meðal annars með brúm yfir tjarnirnar og annað í þeim stíl.“

**Matsmenn meta söluvirði Hörpu 7 milljörðum lægra**

Matsgerð var lögð fram í máli Hörpu gegn Reykjavíkurborg og Þjóðskrá í vikunni. Þar er hún metin á 10 milljarða. Byggingin hafði áður verið metin á 17 milljarða. Skynsamleg niðurstaða, segir forstjóri Hörpu.

**DÓMSMÁL** „Matsgerðin er með þeim hætti að hún styður algjörlega málatilbúnað okkar,“ segir Halldór Guðmundsson, forstjóri Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúss. Matsgerð fyrir markaðsvirði Hörpu var lagt fyrir héraðsdóm Reykjavíkur í máli Hörpu gegn Reykjavíkurborg og Þjóðskrá í vikunni. Þar er húsið metið á tíu milljarða íslenskra króna. Níu mánuðir eru síðan matsmenn voru dómkvaddir og tæplega eitt og hálf ár síðan fyrst var beðið um matsgerðina. Málið snýst eins og kunnugt er um fasteignamat Hörpu en fasteignanefnd Þjóðskrár mat Hörpu á rúmlega 17 milljarða sem þýðir

um 355 milljónir í fasteignagjöld ár hvert. Eigendur hússins höfðu hins vegar gert ráð fyrir því að það yrði metið á tæpa sjö milljarða. „Það munar 230 milljónum á fasteignagjöldum, hvernig þau eru í reynd og því sem við teljum rétt vera,“ sagði Pétur J. Eiríksson, stjórnarformaður Portusar, rekstrarfélags Hörpu, við Fréttablaðið í ágúst 2012 þegar málið var fyrst til umræðu. Málið er sérstakt þar sem Harpa er einstakt hús sem á sér enga hliðstæðu. Í matsgerðinni nefna matsmenn þó „nokkrar fasteignir sem eru nýttar með sambærilegum hætti að hluta til og staðsetning sambærileg“.



**HALLDÓR GUÐMUNDSSON** **MARGRÉT HAUKSÐÓTTIR**

Byggingar á borð við Þjóðleikhúsið, Gamla bíó og Útvarpshúsið voru nefndar í þeim efnum. Litið var til þessara eigna við ákvörðun á verðmæti Hörpu þrátt fyrir að ekki sé hægt að yfirfæra verðmæti þeirra á húsið með beinum hætti.

Halldór segir niðurstöðu matsgerðarinnar renna stoðum undir þær fullyrðingar að fasteignamatíð hafi verið alltof hátt og ekki í tengslum við markaðsvirði hússins. „Það er engin leið að reka húsið hér með því að borga eina milljón á dag í fasteignaskatt. Með besta vilja er ekki hægt að ná rekstri hússins heim og saman við þær aðstæður.“ Hann telur niðurstöðu matsmanna skynsamlega. Bæði Einar K. Hallvarðsson, lögmaður Þjóðskrár í málinu, og Margrét Hauksdóttir, forstjóri Þjóðskrár, eiga eftir að móta afstöðu sína gagnvart matsgerðinni og gátu því ekki tjáð sig um efni hennar. nanna@frettabladid.is

**Neyðarákall** fyrir börn í Suður-Súdan

Sendu sms-ið **BARN** í númerið 1900 og gefðu 1.900 krónur

Hundruð þúsunda barna búa við sára neyð og hungur í Suður-Súdan. Þau þurfa hjálp – núna!

unicef

**Veðurspá**

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 31°	Friedrichshafen 24°	New York 27°
Apéna 30°	Gautaborg 25°	Orlando 31°
Basel 27°	Kaupmannahöfn 25°	Ósló 23°
Berlín 30°	Las Palmas 25°	París 32°
Billund 26°	London 22°	San Francisco 20°
Frankfurt 25°	Mallorca 31°	Stokkhólmur 23°

**Á MORGUN** 5-10 m/s.

**MÁNUDAGUR** 3-8 m/s.

**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

# Tekur appelsínur í karphúsið

Áhugaverðar staðreyndir um mikið magn C-vítamíns  
og ótrúlega hæfileika paprikunnar til að skipta litum



Geymist best  
í 15°-18°hita

Er algjörlega fitusnauð  
og inniheldur  
lítið af kalorium

Á að vera þétt og föst í sér  
og með fallegum og sterkum lit  
þegar hún er keypt

Er fyrst græn áður  
en hún breytir um lit

Inniheldur  
B6-vítamín

Er svo rík af C-vítamíni  
að hún jafnast á við  
fjórar appelsínur

Er oft notuð til að fegra mat  
því þótt hún bragðist mjög vel gefur  
fallegur litur hennar mjög sérstakt yfirbragð

Paprikur eru til í gulum, rauðum,  
grænum, appelsinugulum, fjólubláum  
og meira að segja brúnum lit

islenskt.is

PÚ VEIST  
HVADAN ÞAÐ  
KEMUR



**FJÖLSKYLDUHÁTÍÐIN**  
Í GALTALÆKJARSKÓGI MEÐ  
**ROLLA PÖNK**  
18.–20. JÚLÍ

STÚTFULL DAGSKRÁ AF SKEMMTIATRÍÐUM FYRIR ALLA  
FJÖLSKYLDUNA!

MÍÐASALA FER FRAM Á MID.I.S

FACEBOOK.COM/GALTALÆKJARSKOGUR

GALTALÆKJARSKÓGUR

**ALLIR GÖNGUSKÓR Á  
20% AFSLÆTTI**

**YFIR 35 GERÐIR**

Fyrir lengri gönguferðir

Fyrir styttri gönguferðir

Fyrir fjallahlaupin

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN  
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is  
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

## Strætó vísar ásökunum Félags hópferðaleyfishafa til föðurhúsanna: Gerðu ráð fyrir auknum akstri

**SAMGÖNGUR** Strætó bs. segir Félag hópferðaleyfishafa hafa farið með dylgjur í frétt Fréttablaðsins í gær. Greint var frá því að félagið hygðist kalla eftir rannsókn lögreglu á greiðslum Strætó til verktakans Hagvagna þar sem þær hafi samkvæmt útreikningum félagsins farið 700 milljónir fram úr samningum eftir útboð.

Í yfirlýsingu frá Strætó er þessu vísað á bug.

„Allar greiðslur til Hagvagna, og annarra undirverktaka, hafa verið

eftir þeim samningum sem gerðir voru árið 2010,“ segir í tilkynningunni.

Samningarnir geri þannig ráð fyrir því að hægt sé að auka akstur, og þar með greiðslur, um allt að 40 prósent, án þess að semja um grunneiningaverð. Akstur hafi aukist umtalsvert á samningstímanum og því rangt að fullyrða að farið hafi verið fram úr samningi.

Félag hópferðaleyfishafa vildi ekki tjá sig á þessu stigi þegar eftir því var leitað í gær.



**ÁSAKANIR UM RÓGBURÐ** Strætó segir það rangt að félagið hafi farið fram úr samningum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Færri tækifæri hjá háskólamenntuðum

Hlutfall háskólamenntaðra á atvinnuleysisráðum hefur hækkað frá fyrra ári. Ástæðurnar eru fjölgun útskrifaðra úr háskólum og einnig að ráðningartíma þeirra sem voru ráðnir til starfa til að gera upp hrúnið er að ljúka. Fyrirtækin enn að hagræða.

**VINNUMARKAÐUR** Tvennt veldur því einkum að erfitt er fyrir menntað fólk að fá vinnu. Annað er að sérfræðingar, lögfræðingar og viðskiptafræðingar sem fengu vinnu hjá skilaneftendum, Sérstökum saksóknara, Umboðsmanni skuldara og fleirum sem voru að gera upp hrúnið og afleiðingar þess voru ráðnir tímabundið. Ráðningartíminn er í mörgum tilfellum liðinn og þeir sem starfað hafa í þessum geira eru nú að leita að vinnu.



**KATRÍN S. ÓLADÓTTIR**

Hitt er að margir sem sáu ekki fram á að fá vinnu eftir hrún eða misstu vinnuna fóru í háskólanám en eru nú útskrifaðir og í leit að vinnu.

Peim sem hafa lokið bóknámi gengur oft illa að fá vinnu á sama tíma og mikil eftirspurn er eftir fólki með tækni-menntun.

„Tækifærin fyrir menntað fólk eru ekki eins mörg og áður. Fyrirtækin eru enn að hagræða hjá sér og það leiðir til uppsagna,“ segir Katrín S. Óladóttir hjá Hagvangi.

Hún segir að það sé lítið af nýjum störfum fyrir vel menntað fólk að verða til hjá fyrirtækjunum.

Silja Jóhannesdóttir, ráðgjafi hjá Capacent, tekur undir með Katrínu og segir að mörg fyrirtæki séu enn í aðhaldi og því ekki að fjölga starfsmönnum.

„Það er gríðarleg eftirspurn eftir fólki með iðnmenntun en eftirspurn eftir háskólamenntuðum fólki er ekki jafn mikil og hún var,“ segir Silja.

Guðlaugur Örn Hauksson, framkvæmdastjóri Hugtaks, tekur undir þetta.



**FJÖLGAR** Háskólamenntuðu fólki hefur fjölgað mikið síðustu ár. Háskólamenntuðum á atvinnuleysisráðum hefur fjölgað á sama tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Hlutfall menntaðra án atvinnu eykst

„Háskólamenntuðum fækkar lítið á skrá og hlutfall þeirra hefur aukist síðustu ár þar sem þeir með minni menntun fara hraðar út af atvinnuleysisráðum,“ segir Karl Sigurðsson, sérfræðingur hjá Vinnuálastofnun.

Þegar tölur yfir atvinnuleysi eru skoðar var hlutfall háskólamenntaðra á atvinnuleysisráðum 20 prósent í maí árið 2013 en í maí 2014 var það 22 prósent. Mun fleiri konur með háskólamenntun en karlar eru atvinnulausar. Í maí á þessu ári voru 583 karlar með háskólapróf án vinnu en 993 konur.

Hann segir að það sé margt vel menntað fólk að leita sér að vinnu og það fólk sé að sækja um vinnu sem krefjist engrar menntunar. Atvinnurekendur sé hins vegar illa við að ráða fólk með mikla menntun í störf sem krefjast ekki sérhæfingar því þeir óttist að það fólk staldri stutt við í starfi.

„Þó er það mikil eftirspurn eftir fólki með tækni- og tölvumenntun að fólk með slíka menntun fær

vinnu strax,“ segir Guðlaugur Örn.

Kolbeinn Pálsson, eigandi job.is, segir að hans tilfinning sé sú að það sé orðin jafn mikil eftirspurn eftir ófaglærðu fólki á vinnumarkaði og var fyrir hrún.

Hann segist finna fyrir því að hrúnstörfunum sé að fækka og það sé erfitt fyrir viðskiptafræðinga og lögfræðinga að finna vinnu við hæfi um þessar mundir.

johanna@frettabladid.is

Félag flugvirkja boðar til fundar og ætlar að fá heimild til verkfallsboðunar:

## Samninganefndir í sumarfrí

**KJARAMÁL** „Samningar ganga hægt. Félagsfundur er fyrirhugaður á mánudag og hafi samningar ekki tekist fyrir þann tíma er ætlunin að fá heimild félagsmanna til verkfallsboðunar,“ segir Maríus Sigurjónsson, formaður samninganefndar Félags flugvirkja.

Flugvirkjar eru nánast þeir einu sem eru að semja í Karphúsinu þessa dagana. Samninganefndir annarra félaga og viðsemjenda þeirra, svo sem Skurðlæknafélags Íslands og Læknafélagsins, hafa ákveðið að gera hlé á samningaviðræðum fram yfir verslunarmannahelgi.

Að sögn Helga Kjartanssonar, formanns Skurðlæknafélagsins, ber mikið í milli í kjaradeilu þeirra við ríkið. Hann segir að læknafræðingur verulegra launhækkana, breytingar á vöktum og vinnufyrirkomulagi.

Aðrar kjaradeilur sem eru nánast komnar í sumarfrí eru kjaradeila Félags leikstjóra við RÚV og Félags tónlistarkennara við sveitarfélögin.



**HLJÓTT** Það er fremur hljótt í húsakynnum Ríkissáttasemjara enda hafa flestar samninganefndir ákveðið að gera hlé á viðræðum í júlí. FRÉTTABLAÐIÐ



# GARÐPLÖNTU UTSALA

## 20-50% afsláttur



TRÉ OG RUNNAR  
**30%  
AFSLÁTTUR**



ÚTIPOTTAR  
**30%  
AFSLÁTTUR**



SILKIBLÓM  
**30%  
AFSLÁTTUR**



GARÐSTYTTUR  
**30%  
AFSLÁTTUR**

**FERÐADAGAR Í HÚSASMÍÐJUNNI UM HELGINA**

**Tjald Riga 2**  
Stærð: 200 x 140 x 100 cm  
Efni: 170T Polyester PA 450 mm  
Stangir: Fiberglass 6,9 mm  
Þyngd 1,7 kg  
3000410

**Tjald**  
**2.790 kr**  
2 manna

**Tjaldstóll**  
**1.790 kr**  
margir litir

3901474

TRUENORTH

**ALLUR  
ÚTIVISTAR  
FATNAÐUR  
25%  
AFSLÁTTUR**

**Tjald Toledo 3 manna**  
Stærð: 210 x 220 x 130 cm.  
Efni: 190T Polyester PU 1500 mm  
3000413

**Tjald**  
**14.990 kr**  
3 manna

**Svefnpoki**  
**2.490 kr**  
230x80/50 cm



**Svefnpoki Moscow 10/5/-2°C**  
3000421



ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI  
SÍÐAN 1956



## Heitasti staðurinn í sumar!



Á ferð um Norðurland er upplagt að heimsækja háhitasvæðið við Kröflu og kynnst brautryðjenda-verkefni í vinnslu jarðvarma. Gestastofan er opin alla daga og það er alltaf heitt á könnunni.

### Verið velkomin í heimsókn í sumar!

**Krafla:** Jarðvarmasýning er opin 10–17 alla daga.

**Búrfell:** Gagnvirk orkusýning er opin 10–17 alla daga.

**Vindmyllur á Hafnu:** Starfsfólk tekur á móti gestum alla laugardaga í júlí, frá 13 til 17.

**Kárahjúkastífla:** Leiðsögn um svæðið miðvikudaga og laugardaga, frá 14 til 17.

[www.landsvirkjun.is/heimsoknir](http://www.landsvirkjun.is/heimsoknir)

## Íslendingur í Noregi stakk Norðmann fjórum sinnum með veiðihníf: Fékk ellefu ár fyrir manndráp

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur í Kristiansand í Noregi dæmdi í gær fer-tugan Íslending í ellefu ára fangelsi fyrir morðið á Helga Dahle, sem var fimmtugur útvarpsmaður.

Íslendingurinn játaði að hafa stungið Dahle þrúvegis í bakið og einu sinni í bringuna með veiðihníf með þeim afleiðingum að hann lést. Atvikið átti sér stað í gleðskap í heimahúsi í Valle þann 26. maí í fyrra. Hnífurinn hafði verið nýttur til að skera pylsur í partíinu.

Málsatvik voru með þeim hætti, samkvæmt norskum miðlum, að Dahle reyndi að stöðva Íslendinginn sem átti í stimpingum við annan mann, með því að sparka í höfuð hans. Í kjölfarið réðst Íslendingurinn á Dahle.

Árásarmaðurinn íslenski býr í Grimstad og hefur verið búsettur í Noregi síðan 2005. Saksóknari hafði farið fram á tólf ára dóm yfir manningunum.

-af/-nej



**PEKKTUR** Maðurinn sem dó var þekktur útvarpsmaður í Noregi.

## Kaffi og franskur geta valdið krabba

Venjuleg matvæli eins og franskur kartöflur, kartöflulögur, kex og kaffi geta innihaldið krabbameinsvaldandi efni. Þetta er staðfest í drögum að nýrri skýrslu evrópsku matvælaöryggisstofnunarinnar. Forðast á neyslu á brenndum mat.

**HEILSA** Evrópska matvælaöryggisstofnunin, EFSA, staðfestir fyrra mat byggt á dýrarannsóknunum að efnið akrýlamíð í matvælum geti mögulega valdið krabbameini hjá neytendum á öllum aldri. Akrýlamíð myndast í mestu magni í kolvetnaríkum matvælum sem eru hituð mikið og getur til dæmis verið í kartöflulögum, frönskum kartöflum, kexi, morgunkorni, hrökkbrauði og kaffi. Miðað við líkamsþyngd eru börn í mestri hættu, að því er segir á vef EFSA.

„EFSA birtir nú drög að nýrri skýrslu sinni um akrýlamíð til þess að kalla eftir mati almennings. Búið er að endurmeta gögn sem gefa vísbendingu um að akrýlamíð sé í of miklu magni í matvælum miðað við neyslu almennings á slíkum vörum. Það hafa hins vegar ekki verið sett nein hámarksgildi fyrir akrýlamíð í matvælum og framleiðendur hafa því lítið að miða við en neytendur þurfa að hafa í huga að matvæli sem eru með þessu efni verði ekki uppistaðan í fæðunni,“ segir Katrín

Guðjónsdóttir, sérfræðingur hjá Matvælastofnun, MAST.



**KATRÍN GUÐJÓNSDÓTTIR**

heilsuna. Haft er eftir sérfræðingnum að matvælastofnunin verði að skerpa sig.

Á vef MAST segir að efnið hafi ekki fundist í matvælum sem framleidd eru eða elduð við suðuhitastig, það er 100 gráður. Þar segir jafnframt að til séu einfaldar aðferðir til að minnka inntöku á akrýlamíði. Forðast á mikla steikingu, brenndan mat, mikinn bakstur og dökkristaðan mat.

Sérfræðingur sænsku matvælastofnunarinnar, Lilianne Abramson Zetterberg, kveðst hafa skil-



**VARASÖM FÆÐA** Neytendur þurfa að hafa í huga að matvæli með efni sem getur valdið krabbameini verði ekki uppistaðan í fæðunni, segir sérfræðingur hjá Matvælastofnun. NORDICPHOTOS/GETTY

ing á því að gular og slappar franskur kartöflur höfði ekki til margra en það sé skynsamlegt að taka brauðið úr brauðristinni áður en það verður dökkt.

ibs@frettabladid.is

Lagerhreinsun á úrum  
50% afsláttur til 10. júlí

JÓN & ÓSKAR

jonogoskar.is

Sími 5524910

Laugavegi 61

Kringlan

Smáralind



# -12 kr.

af lítranum í dag,

# OG

fjórfaldir

# Vildarpunktur Icelandair



Í dag, 5. júlí, er 12 kr. afsláttur af eldsneytislítranum til ÓB- og Olís-lykilhafa – og hvorki meira né minna en fjórfaldir Vildarpunktur Icelandair þar ofan á. Afslátturinn gildir bæði á ÓB- og Olís-stöðvum.



**Dæmi: 10.000 kr. áfylling gefur 600 Vildarpunkta.**



Sæktu um lykil núna á [ob.is](http://ob.is) eða á næstu Olís-stöð!



Afslátturinn gildir einnig með Staðgreiðslukorti og Tvennukorti Olís.



Til að safna Vildarpunktum Icelandair þarf að greiða með eða hafa lykil tengdan Visa Icelandair, American Express vildarkorti eða Einstaklingskorti Olís. Einstaklingar sem ekki eru handhafar Vildarkorts Visa, American Express eða með Olís-kort geta safnað Vildarpunktum Icelandair með Sagakorti. Nánari upplýsingar um vildarkerfi ÓB eru á [ob.is/vildarkerfi](http://ob.is/vildarkerfi).





**1** **BRASILÍA** Slökkviliðsmenn og lögreglumenn vinna á vettvangi í Belo Horizonte þar sem brú féll ofan á strætisvagn. Tveir létust og að minnsta kosti tíu eru slasaðir. Belo Horizonte verður aftur miðpunktur athyglinnar á þriðjudag en þá fer þar fram fyrri undanúrslitaleikur heimsmeistarakeppinnar í fótbolta. NORDICPHOTOS/AFP



**2** **PALESTÍNA** Ísraelskur lögreglumaður kastar höggsprenghú í átt að Palestínumönnum eftir bænastund í Jerúsalem. Nú stendur yfir Ramadan, heilög fasta múslima, og mikill fjöldi Palestínumanna streymdi til bæna. Ísraelska lögreglan lokaði moskunni fyrir mönnum undir fimmtugu vegna þessa. NORDICPHOTOS/AFP



**3** **SÍLE** Mótmælandi í höfuðborginni Santiago beitir slökkvitæki gegn lögreglumönnum. Starfsmenn á sviði almenningsgangna þar í landi mótmæla þessa dagana í borginni og krefjast betri vinnuskilyrða. NORDICPHOTOS/AFP



ÁSTAND HEIMSINS



**4** **DANMÖRK** Hið árlega nektarhlaup í upphafi tónlistarhátíðarinnar í Hróarskeldu fór fram við opnun tónleikasvæðisins á fimmtudag. NORDICPHOTOS/AFP

**GOTT ÚRVAL AF NÝLEGUM GÆÐINGUM**  
**Opið í dag frá 12-16**



**VW Touareg** V6 TDI  
245 hö. Árgerð 2013, dísil  
Ekinn 31.000 km, sjálfsk.

Ásett verð  
**9.890.000,-**



**Fiat 500 Lounge**  
Árgerð 2012, bensín  
Ekinn 17.000 km, beinsk.

Ásett verð  
**2.290.000,-**



**Skoda Rapid** Amb.  
1.2 TSI. Árgerð 2013, bensín  
Ekinn 28.000 km, beinsk.

Ásett verð  
**2.840.000,-**



**VW Passat** Highline Eco-Fuel.  
Árgerð 2011, bensín/metan  
Ekinn 56.000 km, sjálfsk.

Ásett verð  
**3.990.000,-**

**Audi A1** Attraction 1.4 TFSI  
Árgerð 2011, bensín  
Ekinn 41.500 km, sjálfskiptur

Ásett verð  
**3.290.000,-**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**

Laugavegi 174 | Sími 590 5040  
Opið virka daga frá kl. 10-18  
og laugardaga kl. 12-16

**HEKLA NOTAÐIR BÍLAR**

## Haldlagði á 15. þúsund e-taflna: Náðu 20 kílóum af eiturlyfjum

**LÖGGÆSLA** Fíkniefnadeild lögreglunnar á Suðurnesjum lagði í fyrra hald á um það bil 20 kíló af fíkniefnum sem farþegar sem fóru um Flugstöð Leifs Eiríkssonar reyndu að smygla. Auk þess var lagt hald á rúmlega 14 þúsund e-töflur. Þetta kemur fram í ársskýrslu Lögreglunnar á Suðurnesjum. Einn lagði á sig mikið erfiði við að smygla innvortis til landsins efni en hann taldi fíkniefni en reyndist þá löglegt hér á landi. -jme

# A.P. Møller-sjóðurinn í Danmörku leggur öðru sinni hundrað milljónir í alþjóðlega tungumálamiðstöð: Nú vantar 300 milljónir í Stofnun Vigdísar

**MENNING** „Þetta er mjög gleðilegt og grand“, segir Auður Hauksdóttir, prófessor og forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, en stofnunin hlaut öðru sinni veglegan styrk frá A.P. Møller-sjóðnum í Danmörku til þess að byggja alþjóðlega tungumálamiðstöð á háskólasvæðinu.



AUÐUR HAUKSÓTTIR

Styrkurinn var rúmlega hundrað milljónir króna en áður hafði sjóðurinn danski lagt samskonar upphæð í verkefnið. Byggingin mun kosta um 1,5 milljarða alls en

vantar nú um 300 milljónir til þess að hún verði að veruleika. Auður vonar að sú upphæð safnist sem fyrst og hægt verði að hefja framkvæmdir á næsta ári.

Í Vigdísarstofnun, sem mun rísa við Suðurgötu, verður aðstaða fyrir kennslu og rannsóknir í þeim erlendu tungumálum sem kennd eru við Háskóla Íslands auk aðstöðu fyrir erlenda gestafræðimenn og alþjóðasamstarf.

„Við skykjum mikinn áhuga sem hefur náttúrulega komið fram í því hversu margir hafa í rauninni lagt þessu lið þegar,“ útskýrir Auður og nefnir í því sambandi kennarasamtök á Norðurlöndum, Kennarasambandið og fleiri aðila. -nej



**METNAÐARFULLT** Verkefnið er metnaðarfullt en gert er ráð fyrir stóru útisvæði. MYND/HÍ



**BETRI TÍÐ** Þótt það rigni úti er að birta til í efnahagslífinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## Þjóðarútgjöld aukast um 5%: 3,1% hagvöxtur

**VIÐSKIPTI** Hagstofa Íslands gerir ráð fyrir að landsframleiðsla aukist um 3,1 prósent á þessu ári og 3,4 prósent á því næsta. Þetta kemur fram í Hagtíðindum sem komu út í dag. Hagvöxtur verður samkvæmt þessu tölurverður þó að bráðabirgðatölur bendi til þess að nánast enginn hagvöxtur hafi verið á fyrsta fjórðungi og aflabrestur í loðnu. Spáð er 2,5 prósent verðbólgu á þessu ári, 3,4 prósent á næsta ári, 3,2 prósent árið 2016.

Gert er ráð fyrir að þjóðarútgjöld aukist um um það bil 5 prósent árlega á þessu ári og næsta. -jhh



**ÁNÆGDUR** Rúmlega helmingur landsmanna segist ánægður með störf Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Vinsældir Ólafs aukast: Fleiri ánægðir með forsetann

**KÖNNUN** Tæplega 56 prósent landsmanna eru ánægð með störf forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar, samkvæmt nýrri könnun MMR. Vinsældir forsetans hafa aukist því 49 prósent sögðust ánægð með störf forsetans í maí í sambærilegri könnun. Könnunin var gerð 18.-23. júní en þá daga var Viktoría krónprinsessa Svíþjóðar í heimsókn. Alls svöruðu 943 spurningunni úr hópi álitsgjafa MMR. Svarhlutfall var 97 prósent. -jme

# nettó

Kræsingar & kostakjör

# Kaffi og kruðerí í ferðalagið

**SMOOZE FROSTHYRNUR**  
4 TEG  
PAKKVERÐ  
VERÐ ÁÐUR 598,-

496,-

**CADBURY DAIRY MILK**  
DAIM EDA OREO  
STYKKJAVERÐ  
VERÐ ÁÐUR 299,-

269,-

**NETTÓ KAFFI**  
MALAÐ 400 G  
STYKKJAVERÐ  
VERÐ ÁÐUR 549,-

439,-

**SÉRBAKAÐ VÍNARBRAUÐ**  
BAKAÐ Á STAÐNUM  
STYKKJAVERÐ  
VERÐ ÁÐUR 198,-

99,-

**MS ÓSKAJÓGÚRT**  
180 G

-10%

Tilboðin gilda 3. - 6. júlí 2014

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

www.netto.is

Mjódd · Grandi · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Neytendur geta haft áhrif á búskaparhætti:

## Matur og merkingar

Fréttablaðið hefur að undanfögnu fjallað um merkingar á matvælum, sem gefa til kynna að þau séu framleidd með vistvænum hætti. Slíkar merkingar eru mikilvæg leiðsögn fyrir neytendur, sem vilja með vali sínu stuðla að vistvænum búskapar- og framleiðsluháttum.

Blaðið sagði frá því fyrr í þessari viku að engar merkingar væru á lambakjöti sem gæfu til kynna hvort það kæmi frá býlum sem hefðu fengið vottorð um gæðastýringu. Mikill meirihluti lambakjöts hefur fengið slíka vottun, eða yfir 92 prósent, en kjötinu frá þeim sem ekki hafa vottunina er bara blandað saman við það vottaða í kjötvinnslustöðvum og verzlunum.

Það er afleitt fyrir neytendur, því að gæðastýringin á ekki sízt að stuðla að því að bændur ofbeiti ekki landið, en jafnframt eiga þeir að skila inn skýrslum um veikindi dýranna, lyfjanotkun, áburðarnotkun og fódurgjöf. Margir neytendur vildu örugglega geta forðazt kjöt frá þeim sem ekki hafa undirgengizt þær reglur og staðla sem þarf til að fá vottun um gæðastýringu.

Þórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, sagði í Fréttablaðinu að sauðfjárbændur vildu gjarnan sérmerkja kjöt sem kæmi frá gæðastýrðum býlum, en sláturhúsin vildu það ekki.

Haft var eftir Steinþóri Skúlasyni, forstjóra Sláturfélags Suðurlands, í sömu frétt að ekki væri gæðamunur á afurðunum og engin umræða hefði verið um að merkja kjöt frá gæðastýrðum býlum sérstaklega. „Það er spurning hvað yrði gert við ógæðastýrt kjöt. Staðan er sú að þú færð enga verslun til að taka inn kjöt sem væri merkt ógæðastýrt,“ sagði Steinþór.

Forstjórinn ítrekaði sjónarmið sín í grein í Fréttablaðinu í gær; að enginn munur væri á gæðum kjöts úr gæðastýringu og kjöti frá búum sem ekki hefðu þessa vottun. Hann tók líka fram að sauðfjárbændur hefðu ekki óskað eftir neinum merkingum á gæðastýrða kjötinu.

Í þessu samhengi eru gæðin hins vegar aukaatriði. Svo við tökum dæmi af allt öðrum markaði þá geta tveir stuttermabolir verið af sömu gæðum, en annar framleiddur af börnum við slæmar aðstæður í þriðja heiminum og hinn þar sem fullorðna starfsfólki eru búin góð starfsskilyrði. Ef neytendur vissu muninn, væru þeir – að minnsta kosti margir – frekar tilbúnir að kaupa síðarnefnda bolinn.

Fyrst allar upplýsingar liggja fyrir um það hvaða bú hafa fengið vottun um gæðastýringu og hver ekki, er sjálfsgöð krafa neytenda að þessum upplýsingum sé miðlað til þeirra með merkingum. Það skiptir ekki máli hvort sauðfjárbændur hafa beðið sláturleyfishafa um slíka merkingu eða ekki; nú er málið komið í opinbera umræðu og hlýtur að liggja beint við að þessir aðilar vinni saman að því að leysa það.

En hvað þá um þessi sjö prósent lambakjöts sem ekki eru gæðastýrð og engin búð myndi vilja taka við? Ætli viðkomandi sauðfjárbændur yrðu ekki bara fljótir að taka við sér, sækja um vottunina og breyta búskaparháttum sínum til að geta fengið hana?

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUDELG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRNAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

## HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðalbestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.\*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

\*Prentublaðinn Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

### SPOTTIÐ



### AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

## Fótskriða á hálu svelli

Sjávarútvegsráðherra hefur fundið fyrir því í vikunni að svellið er ekki besti staður til að vera á þegar ákvarðanir eru teknar. Umræðurnar um flutning Fiskistofu frá Hafnarfirði til Akureyrar benda ótvírætt til þess að ráðherranum hafi skrifað fótur þegar sú ákvörðun var tekin.

Segja má að sjávarútvegsráðherra hafi þessa daga fengið að reyna á eigin skinni hver munurinn er á því að standa ákvarðanir og byggja þær á málefnalegum forsendum eða taka þær með fótskriðu á hálu svelli. Á sama tíma og tilkynningin um flutning Fiski-



stofu var birt tók ráðherrann aðra ákvörðun um heildarafla fyrir næsta fiskveiðiar. Viðbrögðin við henni voru allt önnur. Sú ákvörðun er sannarlega með stærri efnahagslegu ráðstöfunum ár hvert. Þar eru í húfi heildarhagsmunir þjóðarbúskaparins, atvinna í einstökum byggðarlögum og afkoma sjávarútvegsfyrirtækja. Átök um svo stórt mál eru því í sjálfu sér eðlileg.

En svo bregður við að heildar-

aflaákvörðunin gengur þegjandi og hljóðalaust fyrir sig. Skýringin er sú að hún er í einu og öllu byggð á vísindalegum niðurstöðum og áður mótaðri pólitískri langtíma stefnu. Þrátt fyrir alla hagsmunatogstreitu stóð ráðherrann ekki á neinu svelli þegar hann komst að niðurstöðu í því máli.

Miklu minna mál á þjóðhagslegan mælikvarða veldur aftur á móti gríðarlegu írafári. Þetta segir þá sögu eina að þó að ákvarðanir snerti hagsmunum tiltölulega fárra þarf að finna þeim málefnalegar undirstöður rétt eins og þeim stærri. Ráðherrann gætti sín ekki á því.

## Skyldurnar við landsbyggðina

Hugmyndir um að ríkið hafi skyldum að gegna við staðsetningu opinberra starfa á landsbyggðinni geta haft margt til síns ágætis. En þær geta ekki vikið til hliðar málefnalegum sjónarmiðum sem lúta að faglegri þekkingu og hagsmunum starfsfólks í rótgrónum stofnunum og atriðum sem lúta að þjónustu við þá sem samskipti eiga við opinberar stofnanir.

Augljóst er að auðveldara getur verið að taka ákvarðanir um að setja nýja starfsemi á vegum ríkisins á fót utan höfuðborgarsvæðisins. Það er þó ekki einhlítt. Þegar Fiskistofu var ýtt úr vör á sínum tíma

var verið að sameina stjórnsýsluverkefni sem ýmist höfðu heyrt undir ráðuneytið eða verið vistuð annars staðar. Þá var því gefinn nokkur gaumur hvort tækt væri að staðsetja nýja stofnun úti á landsbyggðinni. Það þótti ekki rétt.

Ástæðurnar voru einkum þær að slíkur flutningur starfa myndi raska um of stöðu og högum fólks sem þegar vann að þessum verkefnum undir öðrum höttum. Jafnframt efuðust margir um að hagsmunum þeirra sem samskipti eiga við stofnunina væri best borgið með þeim hætti. Tæknibyltingin hefur í einhverjum mæli dregið úr gildi seinni

röksemdarinnar en sú fyrri stendur.

Opinberar stofnanir þurfa laga-legalar undirstöður og fjármagn. Markmið þeirra er þjónusta en ekki atvinnusköpun. En það er fólk sem gerir þær að virkum veruleika í samfélaginu. Þegar ákvarðanir eru teknar án þess að taka þá eina földu staðreynd með í reikninginn er hætt á að illa fari.

Þar með er ekki sagt að illa ígrundaðar ákvarðanir af þessu tagi geti ekki á endanum gengið upp. En aðrar leiðir að sama marki kunna að vera skynsamlegri og hafa í för með sér minni sóun þekkingar og fjármuna.

## Skyndibitapólitík

Standi vilji manna í raun og veru til þess að færa opinber störf út á landsbyggðina er hyggilegt að beina augunum að viðfangsefnum sem styrkja innviðina í byggðunum. Flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga, sem standa nær þeim sem þjónustunnar eiga að njóta, er til að mynda rökréttur kostur. Með því er heldur ekki verið að gera eitt fyrir þetta sveitarfélag í dag og eitt-hvað annað fyrir hitt á morgun.

Tæknibyltingin hefur líka auðveldað flutning á ýmsum verkefnum

sem vinna má hvar sem er án þess að það bitni á þjónustu eða hafi afgerandi áhrif á hag og stöðu þess fólks sem fyrir hefur reynslu og þekkingu og sanngjarnt er að taka tillit til.

Ákvörðun sjávarútvegsráðherra um að flytja Fiskistofu ber á hinn bóginn öll einkenni þess að vera eins konar pólitísk skyndibitaaðgerð. Hún er ekki hluti af vel undirbúnum skipulagsbreytingum. Ákvörðunin getur vakið fögnuð á Akureyri en hún bætir ekki þjónustuna við þá

sem búa á öðrum landshornum.

Þetta er enn eitt dæmið um hvernig Framsókn er að færa sig til í pólitíkinni. Skyndiákvæðanir eða pólitísk púðurskot sem vekja eiga stundarvinsældir hjá afmörkuðum hópum verða smám saman fyrirferðarmeiri um leið og heildarsýn og langtímamarkmið víkjast.

Þó að skyndibitapólitík af þessu tagi sé ekkert nýmæli og einkenni oftari litla flokka en stóra er áhyggjuefni ef engin pólitísk þunga-vigt er lengur til að spyrna á móti.

# Hásumar í höfuðborginni

**LANGUR LAUGARDAGUR 5. JÚLÍ**

Júlí er sannarlega góður tími til að dvelja í miðborginni. Spóka sig á sólbjörtum sumargötum, virða fyrir sér fjölskrúðugt mannlífið, heimsækja verslanir, útimarkaði, kaffihús og veitingastaði. Næg bílastæði, götustemning og lifandi tónlist. Láttu þig ekki vanta.

**Verslanir opnar til 17:00 í dag og víða lengur í miðborginni.**

**Ingólfstorg – HM-stemning:**

**16:00** Argentína - Belgía

**20:00** Holland - Kosta Ríka

**Lækjartorg – Sumarstemning:**

**12:00** Vatnaboltar

**Lifandi Tónlist – White Signal unplugged:**

**14:00** Barónstorgi - Laugavegi 77

**15:00** Laugatorgi - Laugavegi 59

**16:00** Skólatorgi - Skólavörðustíg 2

**Miðborgin í júlí:**

**1. - 13. júlí** HM á Ingólfstorgi

**11. - 13. júlí** Ingólfshátíð - Víkingagleði

**23. - 27. júlí** Rey Cup - Alþjóðleg knattspyrnuhátíð í Reykjavík

Vesturgata  
Bergstaðastræti  
Hverfisgata  
Vitastígur  
Laugavegur  
Tollstjórahúsið



VERUM, VERSLUM OG NJÓTUM ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!

— [WWW.MIDBORGIN.IS](http://WWW.MIDBORGIN.IS) —



**iittala**



PASO DOBLE  
**479.990**

FULLT VERÐ: 559.990

**F** furninova

PASO DOBLE fjölskyldusófinn. Stærð: 374 x 252/152 H: 86 cm. Slitsterkt steingrátt áklæði úr 100% bómull.

## FALLEGT OG ÞÆGILEGT

**UMBRIA** TUNGUSÓFI



**UMBRIA** tungusófi XL. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Særð: 305 x 163 H:78 cm  
Umbria er fánlegur í ótal gerðum í leðri og áklæði.

**229.990**

FULLT VERÐ: 269.990

**LEVANTO** hægindastóll með skemli. Svart, hvítt eða rautt eka leður.



**119.840**

FULLT VERÐ: 149.800



**HAVANA** hægindastóll  
Slitsterkt áklæði. Margir litir.

**69.990**

FULLT VERÐ: 79.990

**KENYA** hægindastóll  
Slitsterkt áklæði. Margir litir



**49.990**

FULLT VERÐ: 59.990

furninova  
GLÆSILEG  
HÚSGÖGN  
Á GÓÐU  
VERÐI

VESTA 3JA SÆTA  
**149.990**  
FULLT VERÐ: 189.990

furninova

VESTA 3ja sæta sófi. Stærð: 232 x 95 H: 71 cm. Slitsterkt steingrátt áklæði úr 100% bómull. Moon standlampi VERÐ 79.990. Laze sófaborð VERÐ 109.990

– FYRIR LIFANDI HEIMILI

VESTA TUNGUSÓFI



**239.990**  
FULLT VERÐ: 279.990

VESTA tungusófi. Stærð: 300 x 162 H: 71 cm.  
Slitsterkt steingrátt áklæði úr 100% bómull.  
Vesta er fánlegur í mörgum útfærslum.



BERMUDA lampaborð  
Hnota með glerplötu.

**59.990**  
FULLT VERÐ: 69.990

DETROIT sófaborð  
Stálrammi og fætur.



**99.990**  
FULLT VERÐ: 119.990

BERMUDA sófaborð  
Hnota með glerplötu.

**99.990**  
FULLT VERÐ: 119.990



**20%**  
AFSLÁTTUR  
AF

**S&P**  
Salt&Pepper



**HÚSGAGNAHÖLLIN**

REYKJAVÍK | AKUREYRI

# HELGIN

**Eva Laufey Kjaran Hermansdóttir**  
sjónvarpskokkur

## Fæðing eða írskir dagar

Um helgina væri voðalega gaman að fá dómuna mína í heiminn, en settur dagur var 30. júní. En ef ekki þá ætla ég að njóta helgarinnar með fjölskyldu og vinum á Írskum dögum á Akranesi.



**Hera Hilmarsdóttir leikkona**  
**Stanslaus gleði**

„Hápunktur helgarinnar er brúðkaup hjá vinum mínum heima svo það verður greinilega stanslaus gleði alla helgina í samveru góðs fólks.“



**Niels Thibaud Girerd (Nilli),**  
sjónvarpsmaður og gleðigjafi

## Röltir um og tekur á móti mömmu

„Um helgina mun ég njóta þess að vera til, rölti um Pingholtin og mögulega hitta góða vini. Þá mun ég einnig taka á móti mömmu frá Köben.“



**Jóhannes Haukur**  
Jóhannesson leikari

## Hágæða borgarútvíst

„Laugardagsmorgunninn fer í vinnu, en þá verð ég á Bylgjunni með þáttinn Bakaríð ásamt Rúnari Frey, en eftir það er stefnan tekin á Laugardalinn í borgarútvíst með fjölskyldunni.“

## FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



**Á SUMARDJASS** á Jómfrúnni klukkan 15 í dag. Latínkvartett kontrabassaleikarans Tómasar R. Einarssonar skemmtir með spriklandi latíndjassi eftir Tómas.




## Á NÝJA PLÖTU ROBINS THICKE, Paula,

þar sem hann flytur fyrrverandi konu sinni, Paulu Patton, hvern ástaróðinn á fætur öðrum í þeirri von að vinna hjarta hennar á ný.

## MAMMA SEGIR

eftir Stine Pilgaard í þýðingu Steinunnar Stefánsdóttur. Dásamlegur danskur húmor með sárum undirtóni. Ástarsorg hefur aldrei verið skemmtilegri.



## Á BEINA ÚTSENDINGU

frá leik Hollands og Kostaríku í átta liða úrslitum á HM klukkan 19.50 í kvöld. Tekst Kostaríku að standa uppi í hárinu á Hollendingum?



**FUGLSFJÄÐRIR** Listakonan Sara Riel er ánægð með nýjstu veggmynd sína, Fjöður, sem verður afhjúpuð í dag en verkið er 17 metra hátt.

FRÉTTABLAÐID/ARNPÓR

# Endurspeglar fjölbreytileika Asparfells

Myndlistarkonan Sara Riel afhjúpar í dag vegglistaverkið Fjöður sem prýðir fjölbýlishús í Asparfelli í Breiðholti. Veggmyndin hefur verið nokkuð lengi í bígerð þar sem vætusamt veður og vindar hafa sett strik í reikninginn fyrir listakonuna sem segir verkið sitt stærsta og metnaðarfyllsta til þessa.

Álfrún Páldóttir  
alfrun@frettabladid.is

**P**etta er 17 metra hátt verk sem gerir það líklega að mínu stærsta og metnaðarfyllsta verki hingað til,“ segir myndlistarkonan

Sara Riel en í dag kl. 15 verður afhjúpað verk eftir hana á vegg-gafla við Asparfellið í Breiðholti. Veggmyndin ber nafnið Fjöður þar sem 43 fuglum er ræðað saman til að mynda eina heild.

Sara eyddi nokkrum dögum á Náttúrufræðistofnun Íslands í heimildavinnu þar sem hún skrásetti og skissaði fjölbreytt úrval fugla sem þar er að finna. „Það var mjög áhugavert að eyða tíma þar, eins og að vera í lík-húsi. Fuglarnir sem ég notaði eru af alls kyns tegundum, farfugl-

ar sem og fuglar sem eiga upp-runa sinn að rekja hingað. Mér finnst það endurspeglar þessa breiða og fjölbreytta hóp sem býr í þessu fjölmenna fjölbýlishúsi,“ segir Sara sem hlaut einróma samþykki fyrir verkinu hjá íbúum Asparfellsins áður en hún hófst handa fyrir tæpu ári og naut sín vel að vinna í Breiðholti.

„Þetta byrjaði mjög vel í fyrria en eins og flestir muna voru ekki margir þurrir dagar í fyrrasumar og -haust. Verkið er unnið með akrýlhúsamálingu sem þarf að þorna á milli sem er erfitt þegar það koma vinda- og vætusamir dagar eða þessir klassísku íslensku dagar þar sem skiptast á skin og skúrur. Um miðjan september fékk ég nóg, var kalt og þreytt sem gerir ekki gott þegar maður er að reyna að skapa eit-

hvað. Svo ég tók aftur upp þráðinn núna um miðjan maí.“

Sara er þekkt fyrir veggmyndir sínar víðs vegar um borgina. Fjöður er málað í fimm lögum af málningu með litlum penslum og í því eru alls kyns skuggar og stílbrigði sem listakonan er þekkt fyrir en skuggi sem hún bætti við í lokin býr til þá sjónblekkingu að fjöðrin virðist svífa á veggnum.

Eins og fyrr segir verður verkið Fjöðrin afhjúpað í dag klukkan 15 í Asparfelli 2-12 af Degi B. Eggertssyni borgarstjóra. Ólöf Arnalds og Skúli Sverrisson flytja nokkur lög og þá munu dansarnir Stefán Halldór Egilsson og Hallman Ísleifur Sigurðarson sýna popping-dans við athöfnina.

„Það er hvorki opnunartími né aðgangseyrir að verkinu og ég hvet alla til að kíkja við,“ segir Sara að lokum.

## Fegra fjölbýlishús í efra Breiðholti með listaverkum Errós

Myndlistarmaðurinn Erró hefur samþykkt að gefa Reykjavíkurborg höfundarverk sitt en borgarráð hefur samþykkt að setja upp tvær veggmyndir eftir Erró í efra Breiðholti. Annars vegar er um að ræða mynd á bogadreginn vegg í þróttahússins við Austurborg, sem er í eigu Reykjavíkurborgar, og hins vegar á vesturgafli íbúðablockarinnar við Álftahóla 4-6.

„Við erum mjög spennt fyrir þessu verkefni. Það er mjög góð reynsla af verkum sem þessum erlendis og svo

er þetta náttúrulega risastórt verk,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

Erró er heiðursborgari Reykjavíkur og hefur í gegnum tíðina sýnt Reykjavíkurborg og Listasafni Reykjavíkur rausnarskap með því að gefa safninu verk sín. Verk eftir Erró hafa verið sýnd á mörgum helstu söfnum Evrópu og víða um heim. Veggmyndir hans prýða merkar byggingar í mörgum borgum og hafa mikið aðdráttarafli þar sem þær hafa verið settar upp.

Ætlað er að kostnaður



vegna framleiðslu og uppsetningar verði um 38,8 m.kr. og er það Listasafn Reykjavíkur sem hefur umsjón með undirbúningi og framkvæmd verksins.

**ÁLFTAHÓLAR 4-6**  
Þessi mynd eftir Erró mun án efa setja svip á blockina í Breiðholti.

**VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA**

**Markísur og Meira**  
Komum á staðinn þér að kostnaðarlausu og gerum tilboð

**Skjólveggur**

**MarkisurogMeira.is** | Starmýri 2a, 108 Rvk  
Sala Reykjavík s. 893-6337 og 898-0508, | Sala Akureyri s. 868-0886 | sala@markisurogmeira.is



**PS4  
LEIKJAVÉL**

**XBOX ONE  
LEIKJAVÉL**

**PS4 LEIKIR!**



40 STK  
**PS4  
59.999,-**  
Áður 84.999,-

7 STK  
**XBOX ONE  
69.999,-**  
Áður 89.999,-

20 STK  
**PS4  
7.999,-**  
Áður 11.999,-

20 STK  
**PS4  
7.999,-**  
Áður 11.999,-

20 STK  
**PS4  
7.999,-**  
Áður 11.999,-

**PS3 LEIKIR!**

PS3  
**4.999,-**  
Áður 11.999,-

PS3  
**4.999,-**  
Áður 11.999,-

PS3  
**3.999,-**  
Áður 9.999,-

PS3  
**499,-**  
Áður 1.499,-

50 STK  
**PS3  
2.999,-**  
Áður 3.999,-



**2 FYRIR 1  
AF NOTUÐUM LEIKJUM**  
- GREITT ER FYRIR DÝRARI LEIKINN



TILBOÐIN GILDA AÐEINS Í KRINGLUNNI.  
ATH! TAKMARKAÐ MAGN Í BOÐI

**OPNUM Í DAG KL. 10**

**FYRSTU HÆÐ Í KRINGLUNNI VIÐ HLIÐINA Á HAGKAUP**

**TÓNLIST!**

**3.299,-**  
**1.499,-**  
ADEINS 30stk

**3.299,-**  
**1.499,-**  
ADEINS 30stk

**3.299,-**  
**1.499,-**  
ADEINS 30stk

**DVD**

MEIRA 300 MYNDIR Á 999,-

ADEINS 30stk  
**2.899,-**  
**999,-**

ADEINS 30stk  
**2.899,-**  
**999,-**

ADEINS 30stk  
**2.899,-**  
**999,-**

**Retró  
PLÖTUSPILARAR**

ADEINS 5stk  
**39.999,-**  
**19.999,-**

ADEINS 5stk  
**12.999,-**  
**6.999,-**

**RETRÓ SÍMAR  
Á 50% AFSLÆTTI**

**ALLUR VÍNÝLL  
Á 30% AFSLÆTTI**



*takmarkað magn*

TILBOÐIN GILDA AÐEINS Í KRINGLUNNI.  
ATH! TAKMARKAÐ MAGN Í BOÐI



## Hjólaði hringinn

Keypti hjólið bara í byrjun júní og er búinn að hjóla á því 2.091 kílómetra á einum mánuði í fjórum túrum. Miðað við allt sem ég hef lent í þá telst þetta góður árangur og ég veit að ég get meira.

## Vanur álagi

Ég er vanur að vera undir álagi, vaka mikið og skila erfiðisvinnu í tórnum. Ég held að það sé hluti af þeim árangri sem ég næ þegar mikið liggur við.

## Pabbavikur

Við móðir þeirra skiptumst á að vera með börnin, viku og viku. Mér finnst tómlegt þegar þau eru ekki heima. Börnin eru fjórtán, átta, sex og fjögurra ára.

## ÚTI Í NÁTTÚRUNNI

Eiríkur Ingi Jóhannsson og börnin hans, Selka Sólbjört, Adam Valgeir, Vigdís Sól Jónatan Jón.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Núna snýst lífið um börnin

**Eiríkur Ingi Jóhannsson** afrekaði í liðinni viku að hjóla hringinn einn á rúmum þremur sólarhringum. Hann fann ekki fyrir stressi í ferðinni enda vanur álagi. Lenti í háska og heljarþrekaun þegar togarinn Hallgrímur fórst við strendur Noregs árið 2012. Þar komst hann einn af. Nú ver hann tímanum í að sinna börnunum sínum fjórum og læra rafvirkjun.

Gunnþóra Gunnarsdóttir  
gun@frettabladid.is



Þetta tók á. Ég vissi samt alltaf að ég gæti klárað hringinn innan þeirra 84 stunda sem hámarkið var. Það var aldrei neitt stress í mér, ég hélt mínum hraða og var ekkert að rembast upp brekkurnar," segir Eiríkur Ingi Jóhannsson um hjólatúr sinn umhverfis landið á vegum WOW Cyclothón. Meðan flestir þátttakendur í því ævintýri dreifðu álaginu með því að skiptast á að hjóla og kljúfa vindinn var hann einn á ferð og steig pedalana svo til látlaust í 76 klukkustundir og 40 mínútur. Þó ekki alveg. Hann svaf í 20 mínútur á Akureyri og eftir það tók hann þrjá 50 mínútna dúra og tvær smá kríur. „Tjú mínútna dúr kostaði mig samt klukkutíma töf," útskýrir hann. Honum fannst landslagið á leiðinni frá Djúpavogi til Víkur langfallegast en hvað var erfiðast við ferðina? „Bleytan og kuldinn. Ég lenti í úrhelli og brjáluðum mótvindi frá mynni Hvalfjarðar í Borgarnes og var orðið verulega kalt því regnfötin voru í bílnum mínum. Mamma og vinkona mín voru á honum, þær voru mitt stuðningslið og fóru á undan í Borgarnes að kaupa kost. Það var kalsarigning alveg norður í Húnavatnssýslu og ég náði ekki

í mig hita fyrr en í sundlauginni á Akureyri, ég gaf mér hálf tíma til að fara í hana áður en ég lagði mig.“

Þótt veðrið hefði snarlagast og væri jafnvel of mollulegt á köflum að mati hjólreiðamannsins voru vandræði hans ekki öll úr sögunni. Hann var að komast að Goðafossi í góðum gir þegar bíllinn hans bilaði í Fnjóskadalnum svo hann varð að húkka far til baka og vinda sér í viðgerð. „Þá missti ég tvo og hálfan tíma úr á hjólinu," segir hann og telur það vera áfall númer tvö í ferðinni. Hann reiknar byltuna í einu hringtorgi Mosfellsbæjar ekki með. „Ég skransaði í bleytnu," segir hann. „Er svo óvanur sléttum dekkjum eins og eru á reiserhjólunum að ég fór á hliðina, skemmdi jakkann minn aðeins, stýrið og annan pedalann. Þannig að þetta byrjaði ekki alveg nógu vel en fall er fararheill.“

Spurður um þjálfunina fyrir þessa þrekaun kveðst hann hafa hjólað frá Ísafirði til Reykjavíkur tveimur vikum áður en legið í tvo daga í rúminu með streptókoksýkingu og hita eftir það og enn verið á meðulum þegar hann lagði upp í hringferðina.

„Ég hef ekki þjálfað mikið en greinilega nógu mikið til að hafa þetta. Keypti hjólið bara í byrjun júní og er búinn að hjóla á því 2.091 kílómetra á einum mánuði í fjórum túrum. Miðað við allt sem ég hef lent í þá telst þetta góður árangur og ég veit að ég get meira.“

## Fær tíu hjá sérfræðingum

„Miðað við allt sem ég hef lent í...“ segir Eiríkur. Það leiðir hugann að hinu hörmulega sjóslysi 2012 sem hann komst einn lífs úr þegar togarinn Hallgrímur fórst við Noregsstrendur. Heimkominn lýsti hann aðstæðunum svo ljóslega að fólk sá þær fyrir sér. En nú kys hann að tala um eitthvað annað. „Ég vil ekki vera bara sá sem datt í sjóinn," segir hann einlægur. „Þetta fylgir mér auðvitað en mig langar ekki að ræða það. Mér hefur gengið ágætlega að vinna mig frá því með hjálp sérfræðinga og fæ tíu hjá þeim öllum. Svona reynsla hefur ýmislegt í för með sér sem breytir lífinu, ég er ekki sáttur við það allt en maður velur sér ekki að lenda í slysi, reynir bara að gera það besta úr því og það gengur bara vel.“

Eiríkur Ingi kveðst ekki hafa farið á sjó eftir atburðinn við Noreg. „Sá kaflí er búinn. Ég er í skóla núna, Fjölbraut í Breiðholti, í rafvirkjanámi að reyna að koma hausnum í gang og finna mér eitthvað að gera. Á eina önn eftir sem ég ætla að ljúka í haust. Þá fer ég vonandi á samning.“

Hann kveðst hafa byrjað á sjónum 2009 en lengst hafi hann starfað við viðgerðir þungavinnuvéla. Nánast alist upp á verkstæði. „Ég er vanur að vera undir álagi, vaka mikið og skila erfiðisvinnu í tórnum. Ég held að það sé hluti af þeim árangri sem ég næ þegar mikið liggur við.“

Eiríkur Ingi á líka fjölbreytt nám að baki. „Ég lærði fyrst vélvirkjun og tók rennismíðina með því. Síðan fór ég gegnum köfunarnám erlendis og flutti líka inn kennara í þeim fræðum. Einnig tók ég stýrimanninn og síðan vélstjórnann en á eftir sex einingum sem ég tek í haust í stærðfræði og efnafræði. Svo er ég hálfærður pípari líka.“

Þegar Eiríki er bent á að fólk vanti í iðngreinar svarar hann að bragði: „Já, það vantar alltaf fólk í einhver störf. Það er enn vöntun á góðum pólitíkusum. Ekki erum við að finna þá. Sá skortur hefur verið lengi.“

Eiríkur Ingi er titlaður tækniköfunarkennari í símaskránni. „Ég held ég sé einn best menntaði köfunarkennarinn hér á landi og hélt fá en góð námskeið. En það hefur dregið úr áhuganum hjá mér. Sjóslysið hafði áhrif á það líka. Reynslan úr köfuninni hjálpaði mér samt heilmikið þegar ég lenti í því, það er enginn vafi. Við erum enn að tala um slysið. Slysið er fortíðin.“

## Skemmtilegast með krökkunum

Eiríkur Ingi er einstæður fjögurra barna faðir. „Lífið snýst um að sinna börnunum, við móðir þeirra skiptumst á að vera með þau, viku og viku. Mér finnst tómlegt þegar þau eru ekki heima," segir hann. Börnin eru fjórtán, átta, sex og fjögurra ára. „Stelpan, strákur, stelpan, strákur – öll fædd á jafnrí tölum," segir Eiríkur glað-

lega og ryður úr sér nöfnunum svo hratt að ég verð að biðja hann að fara með þau aftur – hægur. „Selka Sólbjört, Adam Valgeir, Vigdís Sól og Jónatan Jón. Ég held að ekkert þeirra eigi alnafna eða alnöfnu.“ Selka Sólbjört er nýfermd. „Hún var hjartaveik sem ungabarn og við þurftum að hendast með hana í skyndi til Boston en aðgerðin blessaðist og hún er hraust í dag.“

Frábærast af öllu finnst Eiríki að vera úti í náttúrunni í blönduðu veðri með fjölskyldunni. „Það verður ekki skemmtilegra," segir hann og kveðst vilja hafa sem minnsta reglu á hlutunum, frekar gera eitthvað óvænt. „Við verðum eitthvað á flakki í sumar þegar leikskólafríð brestur á.“ Í tjaldi? „Nei, ég hef prófað að tjalda með stóra fjölskyldu. Það þarfnast meiri skipulagningar en ég bý yfir. Ég dáist að fólki sem hefur slíka hæfileika. Þar bara með dýnu aftur í bílnum, það er þægilegra. Bíllinn minn er eins og legó. Ég get tekið allt úr honum og raðað í hann eftir því hvernig ég ætla að nota hann.“

Í lokin: Býst hann við að stunda hjólreiðarnar stíft, nú þegar hann er kominn í svona góða æfingu? „Ég veit ekki hvort ég verð í svona langtúrum. Það á bara eftir að koma í ljós. Mér finnst skemmtilegra á fjallahjólum og langar að taka nokkra slíka túra í sumar, hversu mikið sem verður úr því. Vonandi verð ég í betra formi fer-tugur en ég var tvítugur.“

# VIÐ FLYTJUM

## 07.07.14

**PIXEL** flytur alla starfsemi sína  
í nýtt húsnæði að **Ármúla 1**

**Opnum** á nýjum stað mánudaginn **7. júlí 2014**

Hlökkum til að taka á móti þér



Ekið inn frá Háaleitisbraut





Vellir í Skagafirði Unnið hefur verið að skráningu eyðibýlanna síðan 2011. Þau hafa verið mynduð og gaumgæfð innan sem utan. Við þetta framtak hefur mikilli sögu verið bjargað frá glötun. MYNDIR/EYÐIBÝLI Á ÍSLANDI

# Færa 700 eyðibýli til bókar

Eftir sumarið verður búið að safna gögnum um rúmlega 700 hús undir merkjum verkefnisins Eyðibýli á Íslandi. Þá mun liggja fyrir þekkingargrunnur um búsetu og líf Íslendinga fyrr á tímum. Uppbygging og nýting húsa í ferðapjónustu verður næsta skref.

Svavar Hávarðsson  
svavar@frettabladid.is



Fjórða sumarið í röð fer hópur ungmenna um landið og safnar upplýsingum um eyðibýli og önnur yfirgefin íbúðarhús í sveitum. Rannsóknaverkefnið nefnist Eyðibýli á Íslandi og markmið þess er að rannsaka og skrá umfang og menningarlegt vægi þessara mannvirkja. Framtíðarsýnin er endurgerð valinna eyðibýla í samstarfi við eigendur þeirra og nýting í ferðapjónustu.

## Hringnum lokað

Rannsóknarverkefnið hófst árið 2011. Það sumar voru skrásett eyðibýli og yfirgefin hús á Suður- og Suðausturlandi. Sumarið eftir var Norðurland eystra og Vesturland undir og þriðja sumarið voru það Vestfirðirnir og Norðvesturland. Í sumar er hringnum lokað á Austurlandi og suðvesturhorninu. Hvert sumar hefur átta til tíu manna hópur ungs fólks sinnt skráningu; margir koma að verkefninu aftur og aftur. Afraksturinn, eins og staðan er í dag, er sá að fyrir sumarið höfðu 556 hús verið færð til bókar, en gefin hafa verið út fimm bindi af veglegu riti sem ber nafn verkefnisins.

„Verkefnið á rætur sínar hjá nokkrum einstaklingum sem hafa áhuga á byggingarlist, menningu og þessum manngerða arfi sem leynist í sveitum landsins. Við fórum strax þá leið að fá háskólanemendur til liðs við okkur og í sumar eru þau nú sem starfa við skráninguna,“ segir Gísli Sverrir Arnason, menningar- og stjórnsýsluráðgjafi og einn aðstandenda verkefnisins. Hann telur líklegt að í haust muni liggja

fyrir upplýsingar um rúmlega 700 íbúðarhús. „Það er há tala, kannski, en samt skilgreining við eyðibýli í okkar rannsókn frekar þröngt.“

Skilgreiningin sem Gísli vísar til nær til yfirgefinna íbúðarhúsa í sveitum landsins sem ekki hafa verið tekin til annarra nota. Þau verða að hafa fjóra uppstandandi útveggi, og þurfa ekki endilega að standa á eyðijörð, heldur geta þau staðið á jörð í búnytjum. Þessi hús geta haft mikla þýðingu af ýmsum ástæðum; verið merkar menningarminjar og mikilvægar heimildir um byggðasögu. Aldur húsanna, húsa-gerð eða byggingarlag þeirra getur líka verið sérstakt.

## Nýting er næsta skref

Aðstandendur verkefnisins horfa langtum lengra en að ljúka skráningu eyðibýlanna og gefa afraksturinn út á bók. Það er einungis hugsað sem fyrsta skrefið í mun stærra samhengi hlutanna.

„Þó að í augnablikinu einbeiti hópurinn sér að því að ljúka rannsókninni, sem hefur kostað blóð, svita og tár, þá er það draumurinn að vinna að því með eigendum að gera nokkur hús upp, og í framhaldinu taka þau í notkun í ferðapjónustu. Sem betur fer eru þegar býsna mörg dæmi um það að eigendur húsa hafa gert upp hús sem við höfðum þegar skráð. Það er stórkostlegt, hvort sem það er að einhverju leyti að þakka þessu verkefni. Hitt get ég sagt að umfjöllun um verkefnið hefur verið til góða, og þetta snýst fyrst og síðast um hugarfar. Kannski hafa heimsóknir krakkanna hverju sinni, eða útgáfa bókana, leitt einhverjum fyrir sjónir að eyðibýlið þeirra er verðmæti. Þetta hafi breytt hugarfarir eigendanna til húsanna frá því að dæma þau ónýtt yfir í að þarna liggja bæði huglæg og efnisleg verðmæti,“ segir Gísli.

## Stundum dapurlegt

Bergþóra Góa Kvaran er einn níu-meninganna sem annast skráningu í sumar. Hópurinn er staddur á Austurlandi þar sem um 90 eyðibýli hafa verið skráð. Hún lýsir vinnunni með þeim hætti að keyrt er upp að hverju einasta bæjarstæði til að ganga úr skugga um að þar standi yfirgefin hús. Leitað er til staðkunnugra, en áður hefur verið safnað grunnupplýsingum um hvert svæði og hvar helst er að bera niður.

„Húsin eru jafn misjöfn og þau eru mörg. Stundum er það bara ber steinramminn. Á dögnum sóttum við heim eyðibýli þar sem kviknað hafði í, en mikil saga var tengd jörðinni. Flugslýs hafði orðið þar nálægt, tóftirnar eru úti um allt enda var um stórbýli að ræða þegar allt var þar í blóma. Það er mikil upplifun, enda fær maður tilfinningu fyrir því hvernig lífið var á þessum stað á árum áður,“ segir Bergþóra sem er á sínu þriðja sumri á eyðibýlaveiðum. „Svo eru það hús þar sem allt er til alls; það eru dæmi um það að línið sé enn þá í skápunum. Ég hef komið inn í hús þar sem búið var um rúmin, kaffibollar og smáhlutir stóðu frammi í eldhúsinu. Í öðru húsi stóðu diskar á dúkuðu borði, svona eins og eigendurnir hefðu skroppið frá rétt fyrir mat. Önnur hús eru nýkomin í eyði og munu sjálfsagt grotna niður á næstu árum,“ segir Bergþóra sem bætir við að oft sé dapurlegt að koma inn í hús. „Stundum er það líka óhugnanlegt. Það verður að viðurkennast. Margar heimsóknir vekja hjá manni miklar tilfinningar. Eins og þegar fólk gat ekki lengur beðið eftir brú eða vegabótum og flosnaði upp af góðri jörð þess vegna.“

## visir.is

Sjá frekari umfjöllun og fleiri myndir á visir.is



Bergstaðir í Svartárdal

Stundum er það góð tilfinning að koma að eyðibýli, en því er lýst af þáttakendum verkefnisins að það geti líka verið dapurlegt, jafnvel óhugnanlegt.




Böðvarsdalur í Vopnafirði

Þau sem skrá sögu eyðibýlanna hafa átt kost á því að sjá landið frá nýju sjónarhorni. Þeirra mat er að vinnan muni nýtast þeim um ókomin ár.

# habitat

TICO útihúsgögn  
frá Habitat  
Lakkað ál  
Borð 87.000 kr.  
Bekkur 41.400 kr.



ELLIPSE púði  
3.120 kr.



VINTAGE húsgagnalínan  
borðstofuborð 90x180 44.500 kr.  
glerskápur 184.500 kr.



50%  
AF  
VINTAGE  
HÚSGAGNA-  
LÍNUNNI

50%  
AFSL

FEEL borðstofustóll  
18.000 kr.

20%  
AFSL

50%  
AFSL

20-60%  
AF  
ALLRI  
SUMARVÖRU



20%  
AFSL

MAUI sólstóll  
með taubaki 13.800 kr.

20%  
AFSL

TEVA  
sólstóll/bekkur  
Fjórir litir - 11.600 kr.



20-50%  
AF  
ÖLLUM  
SÓFUM



Til í  
fjórum  
litum

30%  
AFSL

WILBO frá Habitat  
3ja sæta sófi 138.600 kr.  
2ja sæta sófi 124.600 kr.  
Stóll 87.500 kr.



VERDI leðurstóll  
frá Habitat.  
Nokkrir litir  
19.950 kr.

30%  
AFSL

ÚTSALA!  
ÚTSALA!



OAK SLICE  
borðstofuborð.  
Gegnheil eik.  
90x180  
125.300 kr.

30%  
AFSL

20-50%  
AF  
ÖLLUM  
BORÐSTOFU-  
HÚSGÖGNUM

BENOÏT sófi  
3ja sæta sófi 176.000 kr.  
2ja sæta sófi 135.200 kr.  
Stóll 92.000 kr.



20%  
AFSL

Einnig  
til í ljósu  
áklæði

KUBUS sófaborð  
frá Ethnicraft  
156.000 kr.



20%  
AFSL

Til í  
fjórum  
litum

BALTHASAR frá Habitat  
3ja sæta sófi 156.000 kr.  
2ja sæta sófi 139.200 kr.  
Stóll 76.000 kr.

TEKK  
COMPANY

Gerum hús að heimili

TEKK COMPANY og HABITAT | Kaupþúni | Sími 564 4400  
Opíð mánudaga til laugardaga kl. 11-18 og sunnudaga kl. 13-18

www.habitat.is | Vefverslun á www.tekk.is

# Mamma á nóg af knúsi að gefa

**Lilja Árnadóttir** ólst upp hjá þroskaskertri móður ásamt þremur systkinum sínum. Þegar foreldrar hennar skildu voru systkini hennar send í fóstur því enginn hafði trú á að móðirin gæti séð sjálf um börnin. Lilja segir fordóma enn ríkjandi í samfélaginu gagnvart seinfærum foreldrum, sem eigi mikla umhyggju að gefa börnum sínum en skorti stuðning.

Erla Björg  
Gunnarsdóttir

erlabjorg@frettabladid.is



Lilja ólst upp í Keflavík hjá foreldrum sínum og þremur systkinum. Pabbi hennar vann þrettán tíma á dag en mamma hennar sá mestmegnis um heimilið og börnin fjögur. Heimilislífið var ósköp venjulegt, mikil umhyggja og hlýja einkenni fjölskylduna og lífið gekk sinn vanagang. Það var ekki fyrr en Lilja var komin á unglingsaldur að hún áttaði sig á því að mamma hennar væri öðruvísi en aðrar mæður.

„Mamma er með milda þroskaskerðingu og telst því til seinfærra foreldra. Hún getur stundum átt erfitt með að skilja mann en þá þarf maður bara að orða hlutina öðruvísi. Einnig gat hún lítið aðstoðað með heimanámið eða flókin vandamál á unglingsárunum. En það var sko nóg af knúsi á mínu heimili.“

## „Mamma þín er skrýtin“

Lilja segir að hún hafi fundið mun meira fyrir fátæktinni sem fylgdi félagslegri stöðu móður hennar. Hún fékk eingöngu tímabundna atvinnu af og til í gegnum Vinnumálastofnun og þá var um láglau nastörf að ræða. Lengsti starfsferillinn var þegar hún pakkadi inn heyrnartólum fyrir flugfélögin.

„Svo fékk maður að heyra það frá umhverfinu að það væri ekki í lagi með mömmu. Krakkar kölluðu á eftir mér að mamma væri skrýtin, meira að segja fyrir framan foreldra sína sem tóku ekkert í taumana. Einn kennari í skólanum kom alltaf fram við mig eins og ég væri líka greindarskert. Hann hafði verið kennari mömmu og þekkti hana vel. Þar af leiðandi gerði hann engar kröfur til mín í náminu og ég þurfti aldrei að skila verkefnum eða svara spurningum í tímum hjá honum. Ég var með mjög finar einkunnir í skóla en í þessu eina fagi var ég, eðli málsins samkvæmt, alltaf með lélegar einkunnir.“

## Systkinin send í fóstur

Lilja var 16 ára þegar foreldrar hennar skildu. Í kjölfarið fóru yngri systkini hennar í fóstur því að móðir hennar var ekki talin geta verið ein með fjögur börn.

„Mamma mætti miklu mótlæti frá félagsþjónustunni og systkinum sínum. Um leið og fólkið í kringum þig missir trúna á þér þá minnkar metnaðurinn sjálfkrafa og mamma gafst upp. Það að senda systkini mín í fóstur var strax fyrsta úrræðið og ekkert annað kom til greina. Tvö systkini mín fóru sátt í fóstur og því var það kannski rétta leiðin fyrir þau. En yngsta systir mín er enn að vinna úr þessari reynslu enda er hún mikil mömmustelpa og vildi bara búa heima hjá henni.“

## Tók systur sína í fóstur

Yngsta systir Lilju greindist með sjúkdóm á unglingsárunum sem móðir þeirra hafði ekki skilning á og átti erfitt með að höndla. Lilja segir að með miklum stuðningi hefði þó vel verið hægt að aðstoða móður hennar við að hafa hana hjá sér. Yngsta systirin var fimmtán ára gömul þegar hún fékk að fara í fóstur til Lilju og hún býr enn hjá henni í dag.

„Ég fékk greitt fyrir að vera með hana í fóstur. Fósturvistun kostar samfélagið mjög mikið og ég skil ekki af hverju fjármagnið er ekki notað til að veita foreldrunum stuðning til að vera sjálfir með börnin. Þrjú börn mömmu voru sett í fóstur, sú summa sem það kostaði hefði getað breytt gífurlega miklu í okkar lífi í formi félagslegs og fjárhagslegs stuðnings.“

## Skilningsleysi fagaðila

Lilja segir fordóma og skilningsleysi samfélagsins gagnvart seinfærum



“Fósturvistun kostar samfélagið mjög mikið og ég skil ekki af hverju fjármagnið er ekki notað til að veita foreldrunum stuðning til að vera sjálfir með börnin.”

“Mamma gaf okkur það sem skiptir mestu máli, ást og umhyggju, og gerir enn. Ég leita bara annað fyrir aðra hluti.”

“Krakkar kölluðu á eftir mér að mamma væri skrýtin, meira að segja fyrir framan foreldra sína sem tóku ekkert í taumana.”

**HEIMA Í HLÍÐUNUM** Lilja er í fæðingarorlofi og tók hún og sex mánaða dóttir hennar á móti blaðamanni á heimili þeirra í Hlíðunum. Lilja starfar annars sem sérkennari og deildarstjóri á leikskóla og vinnur að mastersritgerð sinni í fötlunarfræðum sem fjallar um börn seinfærra foreldra.



**SKÍRN ÖMMU-BARNINS**  
Dröfn er afar stolt af Sigurbjörgu, litla ömmubarninu, og er búin að þrjóna heil ósköp á litlu dómuna.

## SEINFÆRIR FORELDRAR

- Flestir seinfærir foreldrar eiga sameiginlegt að hafa væga greindarskerðingu og búa við lélegan fjárhag. Þeir eru þó jafn ólíkir innbyrðis og þeir eru margir og því ber að forðast að líta á þá sem einsleitan hóp.
- Seinfærir foreldrar eru 1 prósent foreldra og fer hópurinn vaxandi vegna aukinna réttinda og ekki er lengur stuðlað að aðskilnaði kynjanna á stofnunum eins og áður var gert.
- Á árunum 1938 til 1975 þurftu kynslóðir fatlaðs fólks að þola ófrjósemisaðgerðir. Staða fatlaðs fólks hefur breyst mikið með þróun laga og alþjóðlegra mannréttindasáttmála.
- Í barnaverndarlögum á Íslandi getur greindarskerðing foreldra verið eina tilefni til forsjárviptingar.
- Enginn skýr lagarammi er til á Íslandi sem tryggir sérstaklega seinfærum foreldrum aðstoð við uppeldi barna sinna.
- Rannsóknir hafa sýnt að ekki eru tengsl milli greindarvísitölu og foreldrahæfni.
- Erlendar rannsóknir sýna að hlutfallslega er mun algengara að börn séu tekin af seinfærum foreldrum en öllum öðrum foreldrahópum. Oft missa þau forsjá án þess að sannanir um slæma meðferð barna eða vanrækslu liggi fyrir.
- Góður, einstaklingsmiðaður stuðningur sem veittur er með virðingu og í samvinnu við foreldrana er talinn skila bestum árangri.

foreldrum birtast þarna. Hún hefur oft orðið vitni að þekkingarleysi fagfólks á getu seinfærra foreldra til uppeldis. Seinfærir foreldrar eins og aðrir foreldrar eru stundum ráðalausir í nýju hlutverki í lífinu. Aðrir eiga aftur á móti auðveldara með að leita sér hjálpar og hafa möguleika á að sækja sér þekkingu eftir eigin leiðum.

„Sumir seinfærir foreldrar þora ekki að leita sér hjálpar hjá félagsþjónustunni af ótta við að börnin verði tekin af þeim. Það er skiljanlegt því það er oft fyrsta og eina úrræðið þar sem kerfið mistúlkar beiðni um aðstoð sem vangetu. Sem betur fer hafa orðið miklar framfarir síðustu ár en það virðist þó vera ríkjandi hugmynd hjá mörgum sem starfa í félagsþjónustunni að ef um seinfæra foreldra er að ræða þá eigi börnin að fara beint í fóstur. Ég varð vitni að slíku viðhorfi fyrir skömmu.“

### Mamma á mikið að gefa

Lilja er sátt við barnæsku sína í dag og er fegin að hafa ekki verið send í fóstur því það hefði ekki hentað henni. Hún segir að þótt hún geti ekki leitað til mömmu sinnar með ráð um menntun sína eða praktísk atriði eins og húsnæðislán eigi þær mjög gott samband.

„Það er mikill kærleikur á milli okkar og við erum í góðu sambandi. Hún er óskaplega stolt amma og þrjónar eins og brjálæðingur á ömmubarnið. Mamma gaf okkur það sem skiptir mestu máli, ást og umhyggju, og gerir enn. Ég leita bara annað fyrir aðra hluti. Mér finnst kærleikurinn stundum vera tekinn af seinfærum foreldrum, eins og það sé ekki nóg og þeir þurfi að geta kennt börnum sínum allt. Við systkinin fengum risaskammt af knúsi og hlýju, það er eitthvað sem ég bý að.“

### Vildi bara vera venjuleg

Unglingsárin voru þó Lilju erfið en þá vildi hún, eins og svo margir unglingar, bara vera venjuleg og eiga venjulega fjölskyldu. Hún bauð helst ekki vínunum sínum heim og reyndi að halda þeim frá fjölskyldunni. Þegar hún kynntist nýju fólki reyndi hún að komast hjá því að tala um mömmu sína en fann að lokum að feluleikurinn var orðinn mikil byrði.

„Ég reyndi að draga það eins lengi og ég gat að kynna kærastann fyrir mömmu minni. Svo eftir það var það næsta skref, að kynna foreldra hans fyrir foreldrum mínum. En svo tók ég bara ákvörðun um að hætta þessu. Þetta er mamma mín og ég elska hana út af lífinu. Ég er stolt af henni fyrir allt sem hún hefur gert og kennt okkur, og á ekki að fela það. Um leið og maður yfirstígur þetta þá verður allt svo miklu einfaldara og skemmtilegra og um leið finnur maður minna fyrir því. Ég veit núna að ég þarf ekki að skammast mín fyrir mömmu, þvert á móti.“

### Fékk gott veganesti

Lilja segir að mörgum bregði þegar hún segi umbúðalaust hvernig málum er háttað og að mamma hennar sé þroskaskert. „Margir verða orðlausir og hissa, svo fylgir alltaf hrós um hvað ég sé dugleg. Ætli ég sé ekki frekar dugleg, ég höndla ábyrgð vel og hef góða stjórn á lífi mínu. Það eru nú til verri hlutir til að læra af bernsku sinni.“

**nettó**  
Kræsingar & kostakjör

# ERT ÞÚ KOLAGRILLARI?

Coop Einnota Grill 600g 45mín	489 kr.
Grillkol 3kg Bar-be-quick	598 kr.
Coop Grillkol 2,5kg	589 kr.
Hytop Grillkol 3,8kg	698 kr.
Coop Uppkveikilögur 1l	579 kr.
Coop Grillpinnar 100stk	198 kr.

**Tilboðin gilda 3. - 6. júlí 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

[www.netto.is](http://www.netto.is) | Mjódd · Grandi · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

# Á slóðum Grettis og góðhesta

Gunnþóra Gunnarsdóttir  
gun@frettabladid.is

Norðurland vestra er ekki bara blómlegt landbúnaðarsvæði, þar eru líka ótal staðir fyrir ferðalanga að skoða og njóta, svo sem heimkynni sela, söfn og kirkjur, sundlaugar og markaðir. Borgarvirki og Pingeyrar í Húnavatnssýslum og Vatnsskarð í Skagafirði eru dæmi um áningarstaði „þar sem víðsýnið skín“ eins og skáldið orðaði það svo fallega.

## NORÐURLAND VESTRA



**VINALEGUR BÆR**  
Á Hofsósi laða Vesturfarasetrið við bryggjuna og sundlaugin í flæðarmálinu að sér gesti.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Útivist og afþreying

Þar sem fortíðin mætir nútíðinni á margs konar máta

### 1. Minnisvarðar um móðurást

Bjarg í Miðfirði er fæðingarstaður Grettis sterka Ásmundarsonar og í tóninu er friðlýst þúfa þar sem talið er að höfuð hetjunnar hvíli. Á Bjargi er minnisvarði um Ásdísi, móður Grettis, með myndum eftir Halldór Pétursson, því sonur hennar var 19 ár í útleð en átti alltaf athvarf hjá henni. Vestan Miðfjarðarár er útivistarsvæðið Ásdísarlundur með trjágróðri og litlum læk.

### 2. 1.000 gylltar stjörnur

Pingeyrakirkja er með merkustu guðshúsum landsins. Hún var byggð á árunum 1864 til 1877, hlaðin úr grjóti úr Nesbjörgum, vestan Hópsins, sem dregið var á ís yfir vatnið. Í hvelfingu kirkjunnar eru 1.000 gylltar stjörnur, jafnmargar rúðunum í bogagluggum hennar. Einnig eru þar ævaforin munir bæði úr Pingeyraklaustri og fyrri kirkjum staðarins.

### 3. Bangsi

Í Hafsissetrinu á Blönduósi er á fjölbreyttan hátt fjallað um „landsins forna fjanda“. Það er í elsta timburhúsi landsins, Hillebrandtshúsi, á vesturbakka Blöndu og sómir sér



4

vel við Húnaflóann. Birnan Snædís Karen, sem veiddist við Hraun á Skaga sumarið 2008, er til sýnis í setrinu. Hafsissetrið er opið alla daga í sumar frá klukkan 11 til 17. Sjá [www.blonduos.is/hafis](http://www.blonduos.is/hafis)

### 4. Sporin mín

Í Heimilisiðnaðarsafninu við Árbraut 29 á Blönduósi sýnir Þórdís Jónsdóttir, listakona á Akureyri, verk sín í sumar. Sýningin nefnist Sporin mín og þar er um útsaumsspör að ræða. Það á einkar vel við í þessumusteri hannyrðanna. Safnið er opið frá 10 til 17. Sjá [www.textile.is](http://www.textile.is)

### 5. Ég sé, ég sé

Spákonuhof á Skagaströnd er tileinkað Þórdísi



5

spákonu sem uppi var á 10. öld og var fyrsti nafngreindi íbúi Skagastrandar. Í hofinu er margháttadur fróðleikur um spádóma. Gestir geta látið spá fyrir sér í bolla, lófa eða spil og börnin fá að kíkja í gullkistur Þórdísar þar sem margt leynist. Spákonuhof er opið frá klukkan 13 til 18, nema á mánudögum, þá er lokað.

### 6. Haugsnesbardagi

Við Haugsnes, fram undan Djúpadal í Skagafirði, er útilistaverk úr yfir eitt hundrað stórgrýtis-hnullungum. Það er til merkis um mannskæðustu orrustu sem vitað er um í sögu landsins, er lið Þórðar kakala og Brands Kolbeinssonar börðust 18. apríl 1246. Verkið er eftir Sigurð Hansen á Kringlumýri sem veitir leiðsögn um staðinn.



6

### 7. Sólon Íslandus

Í Lónkoti í Skagafirði er minningu listamannsins og flakkarans Sólva Helgasonar, sem kallaði sig Sólon Íslandus, haldið á lofti. Myndir hans skreyta vegg hins rómaða veitingahúss Sólva-stofu sem einnig státar af draumkenndu útsýni til Þórðarhöfða og eyjanna tveggja Drangeyjar og Málmeysjar.

### 8. Flúðasiglingar

Siglingar í kröftugum flúðum Austari Jökulsár í Skagafirði sem Bakkaflöt í Skagafirði byrjaði með árið 1993 eru æsileg afþreying. Þar er 18 ára aldurstakmark en í Vestari Jökulsá 12 ára. Heitir pottar ylja kroppana á eftir.

Sjá [www.riverrafting.is](http://www.riverrafting.is)



9

Ég berst á fáki fráum



### 9. Fjölskyldan

Á Lýtingsstöðum í Skagafirði er ein af mörgum hestaleigum Norðurlands vestra sem býður upp á þægilegar reiðleiðir og rólega

hesta fyrir byrjendur. Fátt er fjölskylduvænna en góður útreiðartúr um gróna bakka. Hægt er að velja um stuttar og lengri ferðir og gott er að panta áður en rennt er í hlað [www.lythorse.com](http://www.lythorse.com)



Neytum og njótum

Borðsett bæði inni og úti

### 10. Gefið á garðann

Hlaðan er kaffihús í gömlum útihúsum við höfnina á Hvammstanga. Súpur, brauð og heimilismatur eru á boðstólum, einnig gæðakaffi og aðrir drykkir ásamt kökum og kruðurii.

Hlaðan er opin alla daga frá 9 til 21 nema sunnudaga, þá er opnað klukkan 10.

### 11. Á Króknum

Sauðárkróksbakarí er við Aðalgötu 5, í hjarta gamla bæjarins á Sauðárkróki. Það er handverksbakarí sem byggir á langri sögu og státar af brauðmeti af margháttadri gerð. Þar er kaffitería og sætupláss bæði inni og úti. Opið er frá klukkan 7 til 18 alla virka daga, 8 til 16 á laugardögum og 9 til 16 á sunnudögum.



10



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## ERRÓ Í BREIÐHOLTÍ

Settar verða upp tvær veggmyndir eftir Erró í Efra-Breiðholti. Önnur á bogadreginn vegg íþróttahússins við Austurborg og hin á vesturgafli íbúðablokkar við Álftahóla.

www.fi.is

## Á slóðir KONRADS MAURERS

Ferðafélag Íslands efnir til dagsferðar um Suðurland á slóðir Konrads Maurers laugardaginn 19. júlí.

Mæting er í Dillonshúsi í Árbæjarsafni kl. 08:00, byrjað verður með morgunverði þar og þaðan ekið að Skógum undir Eyjafjöllum og til baka um Bláskógaheiði og Mosfellsdal með viðkomu á ýmsum stöðum sem Konrad Maurer heimsótti í Íslandsferð sinni 1858.

Martin Maurer verður leiðsögumaður og fararstjóri. Leiðsögn verður bæði á þýsku og íslensku.

Nánari upplýsingar eru á [www.fi.is](http://www.fi.is)



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S: 568 2533 | [www.fi.is](http://www.fi.is)

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



SAFE



# NÝJASTA LAUSNIN GEGN AUKAKÍLÓUM

**BALSAM KYNNIR** GARCINIA CAMBOGIA 100% náttúrulegt fæðubótarefni. Tilvalið fyrir alla sem vilja borða minna í hverri máltíð, ná stjórn á mauli milli mála, sykuráti, kvöldsnaarli, losna við aukakílóin og upplifa vellíðan í eigin skinni.

Fæðubótarefnið er unnið úr ávestinum Garcinia cambogia sem finnst í Suðaustur-Asíu. Ávöxturinn hefur verið notaður í mörg hundruð ár, bæði sem almenn fæða og sem lækningarlif. Virkni ávaxtarins má rekja til efnisins HCA eða hýdroxýsýru sem hindrar fitubyggingu, minnkar matarþörf, býr til seddutilfinningu, jafnar blóðsykur og eykur serótónínframleiðslu sem býr til jafnaðargeð, eykur vellíðan og minnkar stress.



**RANNSÓKNIR** hafa sýnt að Garcinia Cambogia stóreykur þyngdartap, dregur úr matarþörf og bætir líðan.

## RÁÐLÖGÐ NOTKUN

Taktu 2 hylki af GARCINIA CAMBOGIA með vatnsglasi um 30–60 mínútum fyrir aðalmáltíð eða taktu 2 hylki stuttu eftir aðalmáltíð. Dagsskammtur er 2–6 grænmetishylki.

**GARCINIA CAMBOGIA**  
Virkar einnig mjög vel með Green Coffee-fæðubótarefni



**VINSÆLASTA FÆÐUBÓTAREFNIÐ Á HEIMKAUP FRÁ UPPHAFI**  
**GARCINIA CAMBOGIA** er þegar orðið eitt allra vinsælasta fæðubótaefni í heiminum og er nú m.a. fáanlegt í fjölda apóteka, Hagkaupum, Heimkaupum, Fjarðarkaupum, Heilsuveri og Heilsuhorninu Blómavali.

**BETRI DAGUR**  
Þórdís Lilja Bergs hefur notað Garcinia cambogia í nokkra mánuði og árangurinn leynir sér ekki. Hún sá umfjöllun í heilsuþættinum Dr. Oz og kynnti sér ávöxtinn ítarlega á netinu í kjölfarið. „Ég borða mun minni skammta og er hætt öllu kvöldsnaarli. Mér líður einfaldlega miklu betur.“

Löður

**Viltu vinna**  
vikuferð fyrir fjóra til Almeria með Sumarferðum?

Flug og glæsilegt hótél innifalið!

Taktu þátt á Facebook-síðu Löðurs

Opið 8-19 alla daga á Fiskislóð 29  
[www.lodur.is](http://www.lodur.is) - Sími 544 4540

Löður er á 13 stöðum!  
Á höfuðborgarsvæðinu, í Keflavík og á Akureyri.

# OptiBac probiotics

For travelling abroad

## Er ferðalag í vændum?

Borðaðu það sem þig lystir á ferðalaginu með hjálp vinveittra meltingargerla!



Góð melting í ferðalaginu með „For travelling abroad“ frá OptiBac Probiotic

Inniheldur vinveitta meltingargerla sem minnka verulega hættu á á hvers kyns meltingarvanda, svo sem niðurgangi, hægða tregðu og matareitrun.

[www.facebook.com/optibaciceland](http://www.facebook.com/optibaciceland)

Þú færð Optibac probiotics í öllum helstu apótekum

## Þjáist þú af svefnleysi?

Segðu bless við hvíldar- og svefnlausar nætur

Melissa Dream-töflurnar fá þig til að slaka á, sofa betur og vakna endurnærð/ur.

### Sofðu betur

Til þess að hjálpa þér við að losna við hvíldar- og svefnlausar nætur ættir þú að prufa Melissa Dream-töflurnar.

Sitronumelis-töflurnar (*Lemon balm*) viðhalda góðum og endurnærandi svefni.



NY  
SENDING  
KOMIN!  
FYRRI VORU FLÓTTAR  
AD SELJAST ÖPP

### Sefur eins og engill

Undanfarið hefur Elin, sem er 62 ára, átt erfið með að festa svefn og átti það til að vakna oft að nóttu til.

„Það er óþolandi að liggja í rúminu og bylta sér af því að maður getur ekki sofð. Á daginn átti ég erfið með einbeitingu. Eg var alltaf þreytt, hjópa um eins og heilsulaus barna, og kom engu í verk vegna þess að ég fékk ekki nægan svefn.“

„Nú líður mér styrkstéga. Eg er úthvöld og glöð þegar ég vakna. Eg er orkumari yfir daginn og afkastameiri. Eg tók inn töfluna klukkutíma áður en ég hláta. Það er ótrúleg tilfinning að vakna eftir góðan næturvefni.“

### Gat loks slakað á

Borghild Ernald var í mörg ár sjálfstæður atvinnurekandi og þekkt fyrir mikinn eldmóð og hefur enn fullskipaða dagskrá.

„Afturyngin breyttist frá því að vera vinnuþengd yfir í hluti eins og golf og brídda. Þrátt fyrir að þurfa ekki lengur að hafa hugann við vinnuna, átti ég samt erfið með að slaka á.“ segir Borghild, sem ræddi svefnvandamálin sín við vinnu sína frá Svþjóð.

„Við ræddum málavægi góðu næturvefnis fyrir almenna vellíðan. Hann lagði til að ég prófaði Melissa, sem hann notar sjálfur til að dölátt góðan næturvefni.“ útskýrir Borghild.

„Ékki léið á löngu þar til svefnumyndir varð eðlilegt á ný. Eg hafði prófað aðrar vörur til að finna lausn á svefnvandamálinu en það var ekki fyrir en ég tók Melissa að ég gat slakað á og sofði vænt.“

Inniheldur náttúruleg vitamín og jurtir eins og aminósýrur L-theanine, sem hjálpar til við slökun ásamt alhliða B-vítamína, sem stuðla að eðlilegri taugastarfsemi.

Auk þess inniheldur taflan mikið magn magnesiums, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum og bætur svefni.

**IceCare**  
Þín heilsa

Fánlegt í apótekum og heilsuverstunum. Til að fá frekari upplýsingar eða kaupa á netinu: [www.icecare.is](http://www.icecare.is)

# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24  
alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

# FÓLK|HELGIN



# ÍSLENSKIR VAÐ- FUGLAR TIL KÖBEN

**ÍSLENSK HÖNNUN** Vaðfuglar Sigurjóns Pálssonar verða framleiddir af Normann Copenhagen. Fuglarnir verða fáanlegir í Kaupmannahöfn um mánaðamótin og síðar í sumar birtast þeir í hillum hér á landi.

Ég fór að fást við fuglana síðasta sumar, milli þess sem ég sat við skriftir. Þeir höfðu lúrt einhvers staðar baka til í höfðinu á mér,“ segir Sigurjón Pálsson, húsgagnahönnuður og rithöfundur, en danska hönnunarfyrirtækið Normann Copenhagen hefur keypt hönnun Sigurjóns til framleiðslu.

Fuglarnir verða fáanlegir í verslun Normann Copenhagen í Kaupmannahöfn um næstu mánaðamót og í framhaldinu hér á landi í Epal. Óhætt er að segja að þeir dönsku hafi kolfallið fyrir fuglunum.

„Ég var að skoða heimasíðuna þeirra að kvöldlagi í september í fyrra og þar kom fram að fyrirtækið fær að meðaltali tíu tillögur daglega frá hönnuðum. Ég sendi á þá fuglana þarna um kvöldið og strax morguninn eftir fékk ég símtal,“ segir Sigurjón. Við tók frekari útfærsla á fuglunum sem Sigurjón vann í samvinnu við Normann Copenhagen. Fuglarnir eru renndir úr eik og standa á mislitum fótum.

### SPÓI, STELKUR OG SENDLINGUR

„Fyrirmyndirnar sækja ég í íslensku vaðfuglana, spóa, stek og sendling. Þeir eru gerðir fyrir rennibekk en upphaflega gekk ég út frá því að fuglarnir yrðu framleiddir á Íslandi og varð því að hafa í huga þann tækjabúnað sem er hér fyrir hendi,“ útskýrir Sigurjón. „Sá sem ég hafði fundið til verksins varð hins vegar bara feginn þegar úr varð að Normann Copenhagen annast framleiðsluna. Hann sá fram á að gera ekki annað en að renna fugla,“ bætir hann sposkur við.

### FYRSTA BÓKIN SLÓ Í GEGN

Sigurjón lærði húsgagnahönnun í Danmarks Designskole og á tíunda áratugnum voru framleiddir stólar eftir hann í Þýskalandi. Hann hafði þó lagt húsgagnahönnunina á hilluna um tíma þegar hann hóf að hanna aftur eftir hrunið og skrifa skáldsögur.

Fyrsta bók Sigurjóns, Klækir, kom út árið 2011 og hlaut verðlaun Hins íslenska glæpafélags, Blóðdropann 2012. Önnur bók hans, Blekking, gekk einnig vel í lesendur. Sigurjón er ættaður frá Húsavík og hefur sögusvið bókanna gjarnan tengt Norðurlandinu. Það verður einnig raunin í þriðju bókinni sem nú er í smíðum.

Sigurjón segir hönnunarsvinnuna og skriftirnar fara ágætlega saman.

„Það er gott að skipta sér á milli tveggja ólíkra greina sem þó reyna báðar á ímyndunaraflíð.“

### GRÓSKA Í ÍSLENSKRI HÖNNUN

Sigurjón er þriðji íslenski hönnuðurinn sem heillar útsendara Normann Copenhagen en í framleiðslulínu fyrirtækisins eru vörur eftir Bryndísi Bolladóttur og Helgu I. Sigurbjarnadóttur. Sigurjón segir þetta merki um hve mikla grósku sé að finna í íslenskri hönnun í dag.

„Það sést vel á HönnunarMars hversu mikil gróska er í íslenskri hönnu. Það er því mikilvægt að það unga fólk sem héðan útskrifast sé samkeppnishæft að námi loknu, við aðra hönnuði á alþjóðlega vísu, bæði á vinnu-markað og á hönnunarsviðinu.“

■ heida@365.is



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434  
**Kolbeinn Kolbeinsson**, kolli@365.is, s. 512 5447  
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

### HEILLADI NORMANN COPENHAGEN

Sigurjón Pálsson, rithöfundur og húsgagnahönnuður, fékk símtal frá danska hönnunarfyrirtækinu Normann Copenhagen nokkrum klukkustundum eftir að hann sendi þeim myndir af fuglunum sínum.

MYND/GVA

### RITHÖFUNDUR OG HÖNNUÐUR

„Það er gott að skipta sér á milli tveggja ólíkra greina sem þó reyna báðar á ímyndunaraflíð.“

Kremið sem umbreytir húð þinni  
frá fyrstu snertingu

## Nýjung Miracle Cream



UMBREYTI  
HÚÐINI  
GEGN ÖLDRUN  
OG AÐLAGAST  
HÚÐLIT ÞÍNUM  
FULLKOMLEGA

### UMBREYTING Á AUGABRAGÐI

Einstök innihaldsefni í kreminu eru rík af örsmáum  
litarögnum, sem sjálfkrafa aðlaga sig að húð þinni

• slétta • jafna • gefa húðinni óaðfinnanlegan ljóma

Formúlan gegn öldrun inniheldur 7 virk innihaldsefni

• stinnir húðina • dregur úr hrukum og fínunum línunum

Prófað á yfir 1500 konum með mismunandi húðgerð og húðlit.

Take care.  
**GARNIER**

**SÍSTARFANDI**  
Svavar Knútur hefur í nógu að snúast við sönginn en hefur líka lært að meta mikilvægi frítímans.



MYND/GVA

# JAPLAR Á KONUNNI

**HELGIN** Tónlistarmanninn Svavar Knút langar að sofa í sumarþústað í nótt. Hann segir heimilið vera sína kirkju en langar alltaf í Skagafjörð um helgar.

**Hvað er það sem þú gerir alltaf um helgar?** Ég er yfirleitt á fullu að vinna, eins og aðra daga, því það er í raun ekkert sem skilgreinist sem helgi fyrir tónlistarmann.

**Hvað ætlar þú að gera sérstakt um þessa helgi?** Ég verð að spila á piknikk-tónleikum í Norræna húsinu í kvöld og svo á Rífi á Snæfellsnesi og Bjarteyjarsandi. Mig langar að lauma einni nótt í sumarþústað með fjölskyldunni meðfram þessu en það gæti verið ansi mikil bjartsýni.

**Hvar finnst þér best að vera um helgar?** Um helgar langar mig alltaf norður í Skagafjörð en það er yfirleitt bara um verslunarmannahelgina sem ég kemst almennilega norður til að njóta þess að eiga frí.

**Vakirðu lengur um helgar?** Ég vaki alltaf dálítið lengi enda er ég náttþrafn og dútla mér mikið í næturkyrriðinni. Um helgar finnst mér þó best að geta eytt dálitlu af deginum með fjölskyldunni.

**Ertu árrisull eða sefurðu út?** Mér þykir gott að sofa út en dóttirin á þriðja árinu er ansi góð vekjaraklukkan.

**Hver er draumamorgunverðurinn?** Í góðum félagsskap, með fjölskyldunni eða góðum vinum, og þá skiptir litlu máli hvað er borðað.

**Hvernig er dæmigert laugardagskvöld í þínu lífi?** Það er langt síðan eitthvað hefur verið dæmigert í mínu lífi, og hvað þá helgar, en stundum náum við fjölskyldan að hola okkur niður eða fá góða gesti í heimsókn og eiga notalega kvöldstund. Það er nú alveg yndislegt. Algengara er að ég sé að spila einhvers staðar og komi svo heim um miðnætti og reyni frekar að taka skemmtilegan sunnudagsmorgun með fjölskyldunni. Kaffibollaspjall inni í eldhúsi á hvaða tíma dags sem er er alltaf snilld.

**Ertu með nammidag og hvert er uppáhaldssælgætið þitt?** Ég er alger nammigrís og huggugámur og borða nammi mér til huggunar í dagsins önn. Íslenskt sælgæti er í miklu uppáhaldi og ég kjamsa á því eins og Glámur og Skrámur í Sælgætislandi. Svo fyllist ég sektarkennd og verð

rosalega pirraður út í sjálfan mig, eins og sannur, breyskur Íslendingur.

**Hvað maularðu í sjónvarpssófanum?** Það sem hendi er næst. Ég fyllist stundum ugg um að grípa eitthvað eins og höndina á konunni minni í misgripum og japla á henni í smástund áður en ég fatta að þetta er hún, öskrandi í sársauka og örvæntingu.

**Heldurðu hvíldardaginn heilagan?** Ekki sem slíkan. Ég skilgreini hins vegar hvíldardagana sjálfur, svona einu sinni í mánuði eða svo. Jafnvel sjaldnar. Þeir dagar eru teknir mjög alvarlega og stundum hef ég hvíldarklukkustund sem ég held mikið upp á.

**Ferðu til kirkju eða hlustarðu á útvarpsmessuna á sunnudögum?** Ef ég er beðinn um að syngja í kirkju finnst mér óskaplega gaman að vera með í henni. Annars er heimilið mitt kirkjan mín þegar það er stund á milli stríða. Þá er útvarpsmessan ekkert verri en hvað annað til að hafa í eyrunum. Stundum þekki ég prestinn og þá er ég glaður.

**Hvað verður með sunnudagskaffinu og með hverjum drekkur þú það?** Sunnudagskaffið verður vonandi tekið með kókópöfss (hínu íslenska sumarþústaðamorgunkorni) eftir vel heppnaða tónleika í Frystiklefanum í Rífi á Snæfellsnesi í kvöld. Ég ræ að því öllum árum að fjölskyldan verði með í þeirri fyrirætlun.

**Til hvers eru helgarfrí, að þínu mati?** Helgarfrí eru til að rækta tengsl við fjölskylduna og sjálfan sig, eyða tíma með þeim sem eru manni mikilvægastir og styrkja böndin. Mig dreymir um hjólreiðatúra, gönguferðir, kaffihúsahangs og heimsóknir með fjölskyldunni um helgar, og stundum tekst manni að láta það rætast. Stundum dugar bara morgunfúlt hangs við eldhúsbörðið. Samveran er svo mikilvæg. Frí eru ótrúlega takmörkuð auðlind fyrir mig og þess vegna finnst mér alltaf erfitt að horfa upp á fólk sóa þeim í fyllri og djamm fram eftir nóttu, með tilheyrandi þynnku og ómöguleika daginn eftir. En fólk lærir mikilvægi frítímans smám saman.

■ thordis@365.



## NAMMIGRÍS

„Ég er alger nammigrís og huggugámur og borða nammi mér til huggunar í dagsins önn. Íslenskt sælgæti er í miklu uppáhaldi og ég kjamsa á því eins og Glámur og Skrámur í Sælgætislandi.“

# Útsala

## Gallabuxur í úrvali

Háar í mittið og með stretch

Sendum í póstkrofu!

Útsöluverð 13.290

# TUZZI

KRINGLUNNI

SÍMI 5688777

Vertu vinur okkar á Facebook



# GRAM

Heimilistæki



# FÖNIX


fonix.is • Hátúni 6a • 105 Reykjavík • S. 552 4420

STÆRSTI  
HÚSNÆÐISVEFUR  
LANDSINS

FÉLAG FASTEIGNASALA

vísir

Ótrúlegt  
úrval íbúða til sölu  
eða leigu!



# DRINK OFF ER ALGER SNILLD

**ICECARE KYNNIR** Sigríður Ásgeirsdóttir hafði ekki mikla trú á Drink Off-töflunum við þynnu. Hún ákvað þó að prófa og uppgötvaði að Drink Off svínvirkar. Hún, sem áður þjáðist af mikilli vanlíðan eftir að hafa neytt áfengis, er nú stálslegin næsta dag.

Ég rakst á Drink Off í hillunni í Lyfju þegar ég byrjaði að vinna þar í lok síðasta árs. Mér fannst það strax spennandi og las mér til um þær en um leið hugsaði ég: Glætan að þetta virki!

Það liðu nokkrir dagar og fram undan var mikil gleði og því ákvað ég að skella mér á einn pakka og prófa. Hugsaði sem svo að ég hefði engu að tapa enda kostar Drink Off ekki hönd og fót. Ég tók tvær töflur áður en ég byrjaði að drekka fyrsta bjórinn og svo tvær töflur áður en ég fór að sofa.

Ég verð oftast mjög þunn þegar ég drekk áfengi og dagurinn eftir er undantekningalaust ónýtur. Fæ höfuðverk og mikla vanlíðan, flökurleika og ógleði.

Svo þegar ég vaknaði daginn eftir fann ég ekki fyrir neinum höfuðverk, engri vanlíðan og engri ógleði. Það var bara eins og ég hefði ekki smakkað áfengi daginn áður.

Ég átti fyrst mjög erfitt með að trúa því að þessar Drink Off-töflur hefðu virkað svona vel. En nú er ég búin að prófa þetta nokkrum sinnum og ég get sko sagt það að þær SVÍNVIKKA.

Drink Off er algjör snilld, ég mæli 100% með því að þú prófir.“



**SIGRÍÐUR ÁSGEIRSDÓTTIR**  
Mælir 100% með Drink Off.

blóðsykursstyrk og styður við ónæmiskerfið í niðurbrotsferlinu.

**DRINKOFF**-töflurnar frá Vitrum eru flokkaðar sem fæðubótarefni og innihalda náttúruleg efni sem eru ekki lyfseðillsskyld.

Ráðlögð notkun: Takið tvær töflur áður en fyrsti áfengi drykkurinn er drukkinn og tvær töflur eftir síðasta áfenga drykkinn, áður en farið er að sofa. Ef drykkja áfengis stendur í lengri tíma má taka eina til tvær töflur eftir hvern drykk. Ekki fleiri en sex töflur í hvert skipti.

**Varúð:** Aðeins ætlað fólki eldra en 20 ára. Ekki ætlað barnshafandi konum eða mjólkandi mæðrum. Geymið þar sem börn ná ekki til. Ef lyf eru tekin að staðaldri, ber að ráðfæra sig við fagfólk áður en Drink Off-töflurnar eru teknar. Í tilfellum þar sem of stórir skammtar eru teknir, hafið strax samband við lækni.



## NÁTTÚRULEGT

**DRINKOFF**-töflurnar innihalda náttúruleg efni, fumaric-sýru, succinic-sýru, C-vítamín og fólínsýru. Fumaric-sýra hefur verið notuð í matvæli og lækkar sýrustig í fæðu. Fumaric-sýra hjálpar til við niðurbrot á asetaldhýði sem myndast þegar alkóhól brotnar niður í líkamanum og minnkar þannig óþægindi í kjölfar neyslu áfengis. Succinic-sýra er gott andoxunar-efni og stuðlar að aukinni orku. C-vítamínið í töflunum stuðlar að réttum

# NÝTUR SÓLAR ÁN SÓLAREXEMS

Eftir að Maja prófaði Skin Care™ Perfect Tan gat hún loksins notið þess að liggja í sólbaði. Áður hafði sólarexem eyðilagst fyrir henni sólarlandaferðir. Nú getur Maja notið ferðarinnar og sólarinnar án þess að fá sólarexem og vanlíðan vegna þess.

Maja vann lengi í dönsku versluninni Matas og fékk áhuga á heilsvörum í starfi sínu. „Þegar ég kynntist Perfect Tan-töflunum fyrst ákvað ég að prófa þær, enda með mjög viðkvæma húð,“ segir hún. „Fríin mín hafa oft og mörgum sinnum eyðilagst vegna sólarexems. Hendur og fætur voru sérstaklega slæm af sólar-exemínu sem þróaðist oft yfir í blöðrur sem var virkilega óþægilegt. Þetta gerðist þrátt fyrir að ég væri í skugga og hefði notað sólarvörn,“ segir Maja.



**LOKSINS LAUSN** Maja er loksins laus við sólarexem.

eru náttúruleg og hafa verið þurrkuð og meðhöndluð á þann máta að virku efnin varðveitast mun betur.

- Sólartafla sem hentar öllum
- Veitir vörn gegn sólarexemi
- Styrkir húðina í sól
- Vörn gegn öldrun
- Veitir eðlilegan húðlit í sól

Takið tvær töflur á dag í fjórar vikur áður en farið er í sól. Perfect Tan eykur líkurnar á fallettri húðlit í sól. Þegar sólin skín á húðina þá örvast melanínfrumurnar í húðinni.

**Skin Care Perfect Tan fæst í apótekum, heilshillum stórmarkaða og öllum heilsverslunum. Það er einnig hægt að fá Skin Care Perfect Tan á heimasíðu umboðsáðilans [www.icecare.is](http://www.icecare.is) Ef þú hefur spurningar, hafðu samband við starfsfólk IceCare á [icecare@icecare.is](mailto:icecare@icecare.is).**

## PERFECT TAN VIRKAÐI FRÁBÆRLEGA

„Ég var mjög spennit yfir því hvernig töflurnar myndu virka. Ég byrjaði að taka þær inn um mánuði áður en fríð hófst. Ferðin var yndisleg og Perfect Tan virkaði frábærlega. Ég gat virkilega notið ferðarinnar án þess að fá sólarexem. Ég upplifði það líka að ég gat verið meira úti í sólinni en ég er vön. Mamma hrósaði mér mörgum sinnum fyrir það hvað ég væri sólbrún, en ég fæ yfirleitt ekki lit. Það er frábært að finna vöru sem virkar, ég er orðinn fastur við skiptavinur Perfect Tan.“

Perfect Tan inniheldur mandarínu-extrakt og mandarínuolíu, pomeló-extrakt, kapers-extrakt, svartan pipar, kopar og C-vítamín.

Öll innihaldsefni



# BETRI LÍÐAN MEÐ FEMARELLE

Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum að ná betri líðan.

Ég sá nokkrar auglýsingar í blöðunum um undramátt Femarelle og þar sem ég var farin að finna fyrir miklum hitakófum og svefntruflunum langaði mig að prófa,“ segir Sigríður Elín Thorlacius. „Ég fékk þessi hitakóf nokkrum sinnum yfir daginn og vaknaði við þau tvisvar til þrisvar yfir nóttina. Þessi truflun á svefni fór illa í mig þar sem ég hafði aldrei vaknað á nóttunni fyrr.“

Ég keypti pakka og sé ekki eftir því. Það tók um það bil þrjár vikur að virka hjá mér svona í fyrsta skipti en eftir það hef ég ekki fundið fyrir hitakófum og sef eins og engill allar nætur,“ segir hún.

„Ég þarf vinnu minnar vegna að ferðast um nokkur tímabelti tvisvar í mánuði og hafði smá áhyggjur af því að þetta rugl með líkamsklukkuna myndi hafa áhrif á Femarelle-notkun mína. Það gerðist ekki, ég sef líka mjög vel erlendis. Ég mæli hiklaust með Femarelle þar sem það er náttúrulegt. Þar sem ég vildi ekki taka inn hormóna var þetta sniildarlausn fyrir mig.“



**ALLT ANNAD LÍF** Sigríður Elín er hætt að finna fyrir hitakófum og sefur betur eftir að hún fór að taka inn Femarelle.



## FEMARELLE ÖRUGGUR KOSTUR FYRIR KONUR

- Slær á óþægindi eins og höfuðverk, svefntruflanir, nætursvita, skapsveiflur, óþægindi í liðum og vöðvum.
- Þéttir beinin.
- Hefur ekki áhrif á móðurlíf eða brjóstavef.
- Náttúruleg lausn, inniheldur tófú-extrakt og hörfræjaduft.
- Inniheldur engin hormón eða ísóflavóníða.
- Staðfest með rannsóknum síðustu 13 ár.

## SÖLUSTADIR

Fæst í öllum apótekum, heilsvörum og í heilshillum stórmarkaða.

## UPPLÝSINGAR

[www.icecare.is](http://www.icecare.is) og Femarelle á Facebook

# GÓMSÆTT KARRÍENGIFERLAMB

**HELGARSTEIKIN** Sumarið er tíminn – til að grilla. Það er tilvalið að skella í þennan einfalda karríengiferkryddhjúp og taka hann með sér í ferðalagið, setja hann á lambið og grilla það þegar búið er að koma sér fyrir í guðsgrænni náttúrunni. Apríkósusúraldinsósan er líka einföld og tónar vel við karríengiferbragðið af lambinu. Sósan og marineringin eru skemmtileg samsetning sterkra og mildra bragða sem ganga líka með grilluðu nauta- eða svínakjöti.

## KARRÍENGIFERLAMB

2½ msk. karríduft  
1½ msk. malaður, ferskur engifer  
1½ tsk. ólífuolía  
¼ tsk. salt  
⅛ tsk. svartur pipar  
8 lambabógssneiðar  
½ bolli apríkósusúraldinsósa

Blandið saman karrí, engifer, olíu, salti og pipar og berið kryddhjúpinn jafnt yfir allar lambabógssneiðarnar.

Setjið lambið á grillið og eldið í fjórar mínútur. Snúið kjötinu, berið helminginn af sósunni á þá hlið kjötsins sem snýr upp. Eldið í fjórar mínútur. Snúið kjötinu aftur og berið hinn helminginn af sósunni á hina hliðina. Eldið í tvær mínútur og snúið þá aftur og grillið þá hlið í tvær mínútur.

## APRÍKÓSUSÚRALDINSÓSA

⅔ bollar maukaðar apríkósur  
½ bolli ferskur súraldinsafi (um það bil 2 súraldin)  
⅓ bolli rúsínur  
⅓ bolli söxuð, fersk mynta  
¼ bolli balsamikedik  
¼ bolli tómatsósa

¼ bolli Worcestershire-sósa  
1 msk. sterk sósa (hot sauce)  
¼ tsk. salt  
¼ tsk. svartur pipar

Hitið apríkósurnar á pönnu á meðalhita. Blandið hinum innihaldsefnunum við. Takið af hitanum.



## GIRNILEGT

Lambakjöt með karríengiferkryddhjúp er góður kostur á grillið um helgina.

MYND/GETTY

## SOHO MARKET



Buxur  
S-XL  
kr.9.990.-

Jakki S - L  
kr.12.990.-

kr.10.990.-

kr.8.990.-  
4 litir

SOHO MARKET

Grensásvegi 8, sími 553 7300  
mán. - fim. 12 - 18, fös. 12 - 19 lau. 12 - 17



## SUÐRÆNN POP-UP MATARMARKAÐUR

Pop-up matarmarkaður verður haldinn á Lofti Hosteli í Bankastræti 7 í dag, laugardag, klukkan 16.

Stemningin verður suðræn og seiðandi í tilefni sumarsins. Boðið verður upp á spænska rétti á borð við paellu, spænska eggjaköku, gazpacho-tómatsúpu og kartöfluklatta.

Fjölbreytnin er mikil en auk spænsku réttanna verður boðið upp á dóminíska kjötsúpu, al-

vöru indverskar dosa-pönnukökur í boði Shruthi frá Whole Spice, kung pao-kjúkling og kung pao-tófu í boði fulltrúa chili-klúbbsins Ég ann chili, ljúffengar samlokur og angólska kássu.

Meðan gestir gæða sér á kræsingunum spila tónlistarmennirnir Dj AnDre frá klúbbaskrýmslinu RVK DNB og DJ KÁRI, plötusnúður og einn af stofnendum reggihópsins RVK Soundsystem, tónlist sem hæfir tilefninu.

## LEIÐRÉTTING

Í umfjöllun um Poulsen í sérblaði um bílrúður mánudaginn 30. júní birtust vitlaugar myndir.

Beðist er velvirðingar á þessum mistökum en rétt umfjöllun er birt á síðu 7 í Fólki í dag.



## Við leitum að sérfræðingi í netkerfum



Starfið felst í rekstri á netkerfum viðskiptavina Nýherja og viðhaldi og endurbótum á netkjarna Nýherja. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur áhuga á að öðlast sérfræðipekkingu á Cisco netkerfum.

### Hæfniskröfur:

- Reynsla af störfum í upplýsingatækni
- Reynsla og brennandi áhugi á netkerfum
- Geta til að vinna sjálfstætt, skipulega og undir álagi
- Þekking á Linux og sjálfvirknivæðingu er kostur
- Cisco sérfræðigráður og þekking á MPLS og BGP eru kostur

### Hjá Nýherja er lögð áhersla á:

- Góðan starfsanda og liðsheild
- Fjölbreytt og spennandi verkefni
- Fjölskylduvænt og gott starfsumhverfi
- Uppbyggingu þekkingar og færni
- Góða starfsaðstöðu og úrvals mötuneyti

Umsóknarfrestur er til og með **21. júlí 2014**. Sótt er um starfið á vef Nýherja, [nyherji.is/atvinna](http://nyherji.is/atvinna). Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað. Nánari upplýsingar veitir Elva Tryggvadóttir, sérfræðingur starfsmannþjónustu, [elva.tryggvadottir@nyherji.is](mailto:elva.tryggvadottir@nyherji.is)



Hjá Nýherja starfar samheldinn hópur að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum. Við leggjum áherslu á sterka liðsheild, uppbyggingu þekkingar og framsýna þjónustu til að mæta þörfum viðskiptavina. Hjá Nýherja og dótturfélögum starfa samtals um 450 starfsmenn á Íslandi og í Svíþjóð.

**Kíktu á fleiri áhugaverð laus störf inn á [nyherji.is/atvinna](http://nyherji.is/atvinna).**

## Viltu starfa við fasteignarekstur á alþjóðflugvelli?

Isavia óskar eftir að ráða deildarstjóra eignaumsýslu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Deildarstjóri eignaumsýslu ber ábyrgð á viðhaldi og fasteignarekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á Keflavíkflugvelli ásamt daglegri stjórnun á viðhalds- og tæknieiningum FLE.

### Helstu verkefni:

- Umsjón, eftirlit og greining á viðhaldi og fasteignarekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar
- Dagleg stjórnun tækni- og viðhaldseininga
- Umsjón með sorphirðu og endurvinnslu ásamt umhverfisvernd í fasteignarekstri
- Umhirða lóða, göngustíga, bílastæða og annarra útisvæða
- Ráðgjöf og þjónusta við byggingarframkvæmdir og fjárfestingarverkefni
- Rekstur á rútum og vélbúnaði til flugstöðvarreksturs

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði byggingarverk- eða tæknifræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla eða menntun á sviði viðhalds mannvirkja og verkstýringar er skilyrði
- Reynsla af stjórnunarstörfum er nauðsynleg
- Þekking á gerð kostnaðar-, rekstrar- og viðhaldsáætlana æskileg
- Góð íslensku- og enskukunnátta bæði í töluðu og rituðu máli
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð

Umsóknnum skal skila inn á rafrænu formi. Umsókn og frekari upplýsingar um starfið má nálgast á [www.isavia.is/atvinna](http://www.isavia.is/atvinna). Einnig veitir Guðmundur Daði Rúnarsson upplýsingar með tölvupósti á netfangið [dadi.runarsson@isavia.is](mailto:dadi.runarsson@isavia.is). Umsóknarfrestur er til og með **27. júlí**.

### Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna

Hjá Isavia og dótturfélögum starfa um 850 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru umsjón með uppbyggingu og rekstri flugvalla og að veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug, jafnt sem millilandaflug, auk yfirflugsþjónustu fyrir Norður-Atlantshafið. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.



# VILT ÞÚ VERÐA ÞJÓNUSTUSTJÓRI HAMBORGARAFABRIKKUNNAR?

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi sem elskar mannleg samskipti og hefur mikla reynslu af starfsmannahaldi og þjónustu. **Þessi orkubolti á að halda utan um þjónana okkar og tryggja 100% þjónustuupplifun viðskiptavina.**

Þjónustustjóri skipuleggur ráðningar, sér um gerð vaktaáætlana, útfærir nýliða- og þjónustunámskeið og sér um þjálfun, hvatningu og eftirlit í veitingasölum Fabrikkunnar.

**Þetta eru skilyrðin:** Afburða skipulagshæfileikar og kerfisbundin vinnubrögð, jákvæðni og þolinmæði, metnaður til að skara fram úr og vilji til að vinna undir álagi á óreglulegum tímum.

**Þessir kostir koma þér ofar í bunkann:**

Reynsla af þjónustu úr veitinga- eða flugrekstri og reynsla af stjórnun starfsmanna.

Upplýsingar og skráning á [www.vinna.is](http://www.vinna.is)  
- starf merkt „**Þjónustustjóri 566255**”



## Capacent Ráðningar

# FJÁRFESTINGARSTJÓRI



Hlutverk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Sjóðurinn á hlut í um 35 fyrirtækjum. NSA á jafnframt tæp 40% eignarhlut í Frumtaki. Sjá nánar: [www.nsa.is](http://www.nsa.is)

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (NSA) leitar að öflugum einstaklingi til að meta fjárfestingarkosti í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum og til að aðstoða þau fyrirtæki sem fjárfest er í við uppbyggingu og rekstur þeirra.

### Ábyrgðar- og starfssvið:

- Mat á viðskiptatækifærum og fjárfestingakostum
- Kynningar á fjárfestingatækifærum
- Seta í stjórnnum félaga sem sjóðurinn fjárfestir í
- Þátttaka og frumkvæði í stefnumótun fyrirtækja

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í verkfræði, tölvunarfræði, viðskiptum eða tengdum greinum
- Reynsla af fyrirtækjarekstri og/eða fjárfestingum
- Reynsla í að greina styrkleika og veikleika í rekstri fyrirtækja
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Mjög góðir samskiptahæfileikar
- Góð tungumálakunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 23. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) og Silja Jóhannesdóttir ([silja.johannesdottir@capacent.is](mailto:silja.johannesdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar  
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14  
Sími 540 1000

capacent

# CAPACENT RÁÐNINGAR

Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent



Capacent Ráðningar

## SVEITARSTJÓRI



Vopnafjarðarhreppur er sveitarfélag í Norður-Múlasýslu á Austurlandi við Vopnafjörð. Vopnafjarðarhreppur þjónustar íbúa sveitarfélagsins og þá sem til þess leita með margvíslegum hætti og má þá nefna rekstur grunn- og leikskóla, þjónustu við aldraða og fatlaða og margvísleg félagsþjónustu. Atvinnulífið á Vopnafirði er fjölbreytt miðað við stærð sveitarfélagsins. Fiskveiðar og fiskverkun eru helstu atvinnugreinarnar á Vopnafirði en einnig margvíslegur iðnaður og þjónusta auk þess sem landbúnaður er all blómlegur. Í sveitarfélaginu eru um 700 íbúar.

Vopnafjarðarhreppur óskar eftir að ráða öflugan aðila í starf sveitarstjóra. Sveitarstjóri situr í framkvæmdastjórn sveitarfélagsins.

## Starfslýsing:

- Yfirumsjón með rekstri og bókhaldi sveitarfélagsins
- Yfirumsjón með starfsmannamálum sveitarfélagsins
- Ábyrgð á stefnumótun og áætlanagerð
- Framkvæmd ákvarðana sem teknar eru af sveitarstjórn
- Sjá um að stjórnarsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, reglugerðum og samþykktum
- Samskipti við íbúa, stofnanir, samtök og fyrirtæki
- Önnur tilfallandi verkefni

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Þekking á opinberri stjórnsýslu, reynsla af sveitarstjórnarmálum æskileg
- Reynsla af fjármálum, stjórnun og rekstri er skilyrði
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni, drift og geta til ákvarðanatöku
- Nákvæmi og skipulag í vinnubrögðum
- Reynsla af stefnumótavinnu og eftirfylgni er æskileg

Umsóknarfrestur er til og með 21. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) og Þóra Pétursdóttir ([thora.petursdottir@capacent.is](mailto:thora.petursdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar  
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14  
Sími 540 1000

Capacent Ráðningar

## FRÆÐSLUSTJÓRI



Akureyri er stærsti bær landsins utan höfuðborgarsvæðisins og eru íbúar um 18.000 talsins. Akureyri er mikill menningar- og skólabær. Bærinn er miðstöð athafnalífs og þjónustu fyrir allt Norðurland og iðar af mannlífi allan ársins hring. Fyrir utan hið eiginlega bæjarland Akureyrar í botni Eyjafjarðar eru eyjarnar Grímsey og Hrísey einnig innan vébanda sveitarfélagsins. Bæjarstjórn leggur áherslu á að veita íbúum bæjarfélagsins góða þjónustu á öllum sviðum og hlúa þannig að samfélagi sem er gott til búsetu.

Staða fræðslustjóra á Akureyri er laus til umsóknar. Leitað er að einstaklingi með mikinn metnað, sem sýnt hefur árangur í störfum sínum.

## Starfssvið:

Fræðslustjóri er deildarstjóri skóladeildar og hefur yfirumsjón með framkvæmd laga og samþykktu um fræðslumál, s.s. um rekstur leik-, grunn-, og tónlistarskóla á vegum Akureyrarbæjar og hefur forgöngu um mótun faglegar skólafestu. Fræðslustjóri er framkvæmdastjóri skólaneftar, undirbýr fundi hennar og fylgir ákvörðunum hennar eftir. Fræðslustjóri er næsti yfirmaður skólafestu.

## Menntunarkröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi

## Hæfniskröfur:

- Reynsla og þekking af stjórnun og rekstri
- Góð þekking af málefnum grunn-, leik- og tónlistarskóla nauðsynleg
- Frumkvæði og samstarfsvilji
- Góðir skipulagshæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhugi og reynsla til að leiða þróunarstarf og leita nýrra leiða
- Sveigjanleiki og víðsýni í starfi og samskiptum

Viðkomandi þarf að hafa sterka sýn á skólafestu Akureyrarbæjar og vera tilbúinn til að leggja hana fram í viðtali.

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynsla og hver þau verkefni sem hann hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna starfi fræðslustjóra.

Ráðið er til fimm ára með möguleika á framlengingu. Tekið verður tillit til samþykktar bæjarstjórnar Akureyrar um jafnréttismál við ráðningu í starfið. Laun eru samkvæmt reglum um laun embættismanna Akureyrarbæjar.

Umsóknarfrestur er til og með 21. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).

Frekari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) og Þóra Pétursdóttir ([thora.petursdottir@capacent.is](mailto:thora.petursdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar  
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14  
Sími 540 1000

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á [WWW.CAPACENT.IS](http://WWW.CAPACENT.IS)



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

## Sérfræðingur í fjármála- og rekstrarþjónustu

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu sérfræðings í fjármála- og rekstrarþjónustu.

Undir skóla- og frístundasvið heyrir rekstur 62 leikskóla, 36 grunnskóla og 6 frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar, starfsemi Námsflokka Reykjavíkur, skólasafnamiðstöðvar og skólahljómsveita. Skóla- og frístundasvið veitir um 20 þúsund börnum og fjölskyldum þeirra þjónustu.

### Helstu verkefni:

- Ábyrgð á reikningagerð fyrir leikskóla og frístundaheimili.
- Ábyrgð á ráðstöfun frístundakorts inn á reikninga.
- Samskipti við foreldra, stjórnendur og aðra aðila vegna reikningagerðar fyrir leikskóla og frístundaheimili.
- Uppfærsla gjaldskráa í upplýsingakerfið Völu og upplýsingagjöf til foreldra og annarra vegna gjaldskrárbreytinga.
- Þróun á upplýsingakerfinu Völu.
- Þróun á þjónustu og upplýsingagjöf vegna reikningagerðar og gjaldskráa fyrir leikskóla og frístundaheimili.

### Hæfniskröfur:

- Viðskiptafræðimenntun eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af stjórnábyrgð.
- Þekking á upplýsingakerfum er kostur.
- Góð tölvukunnátta.
- Reynsla af reikningagerð kostur.
- Mikil samskiptahæfni.
- Rík þjónustulund.
- Skipulagshæfni, nákvæmni og öguð vinnubrögð.
- Góð íslenskukunnátta ásamt færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Frumkvæði og sjálfstæði.

Umsókn fylgi starfsferilskrá og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Um laun og starfskjör fer samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar og viðeigandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 27. júlí nk.**

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)

Nánari upplýsingar veita Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri, og Íris Björk Pétursdóttir, deildastjóri í síma 411-1111.

Netföng: [kristjan.gunnarsson@reykjavik.is](mailto:kristjan.gunnarsson@reykjavik.is), [iris.bjork.petursdottir@reykjavik.is](mailto:iris.bjork.petursdottir@reykjavik.is)

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.



Matreiðslumaður  
í stöðu vaktstjóra

Leitum að fjölhæfum og framsæknum matreiðslumanni sem hafið getur störf sem fyrst.

sushisamba.is

Umsóknir sendist til  
[eythor@sushisamba.is](mailto:eythor@sushisamba.is)



## Leikskólinn Barnaból Skagaströnd

Leikskólakennarar óskast frá ágúst 2014. Barnaból er tveggja deilda leikskóli með um 35 nemendum. Starfað er skv. kenningum John Dewey og Howards Gardner undir kjörorðinu „*Leyfðu mér að fást við það – þá get ég það*“.

**Umsóknarfrestur er til 18. Júlí 2014.**

Móttaka umsókna og upplýsingar á skrifstofu sveitarfélagsins Túnbraut 1-3 og í sími 455 2700 og hjá Þórunni Bernóðusdóttur leikskólalastjóra gsm 860 2592.

Umsóknareyðublað er á heimasíðu Barnabóls á [www.leikskolinn.is/barnabol](http://www.leikskolinn.is/barnabol)

Hagsýni

Liðsheild

Heilindi

nordural.is



## ERTU ÖFLUGUR RAFVIRKI? VIÐ LEITUM AÐ RAFVIRKJA TIL FRAMTÍÐARSTARFA

Norðurál leitar að metnaðarfullum og reyndum rafvirkja. Verkefni eru fjölbreytt og felast m.a. í viðhaldi, endurnýjun og endurbótum á tæknibúnaði Norðuráls, með áherslu á fyrirbyggjandi viðhald.

Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna, endurmenntun og starfsþróun, frábæran starfsanda og samstarfsfélaga. Starfinu fylgir góð starfsaðstaða í lífandi umhverfi þar sem metnaður og fagmennska eru í fyrirrúmi.

### MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:


- Sveinspróf í rafvirkjun og a.m.k. tveggja ára starfsreynsla
- Sterk öryggisvitund og fyrirmynd í öruggum vinnubrögðum
- Reynsla af vinnu við háspennubúnað æskileg
- Góð þekking á viðgerðum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Metnaður, öguð vinnubrögð og rík ábyrgðarkennd
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð almenn tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 14. júlí næstkomandi. Leggja skal inn umsókn á [www.nordural.is](http://www.nordural.is). Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR:** Guðmundur Óskar Ragnarsson, formaður A hóps á Aðalverkstæði, sími 430 1000.

Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 500 manns með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Árleg framleiðslugeta er um 300 þúsund tonn af hágæða áli.





Sæktu  
um fyrir  
13. júlí

# ÁTT ÞÚ HEIMA HJÁ NOVA?

Nova leitar öflugra liðsfélaga til að slást í hópinn og takast á við krefjandi og skemmtileg verkefni. Viðskiptavinum fjölgar hratt og þess vegna vantar okkur fleiri hausa til að halda partiinu gangandi á stærsta skemmtistað í heimi. Allar nánari upplýsingar um Nova, störfin og hæfniskröfur er að finna baksviðs á nova.is.

## VERKEFNASTJÓRI

Ert þú týpan sem elskar að halda utan um verkefni frá A til Ö?  
Við leitum að ofurskipulögðum aðila sem elskar að hugsa í lausnum.

## BIG DATA SÉRFRÆÐINGUR

Sérfræðingur í vinnslu og greiningu gagna.  
Við erum á fullu við að byggja upp og þróa viðskiptagreið og greiningu hjá Nova.  
Okkur vantar sérfræðing til að leiða það starf.

## HJÁ 01101110 01101111 01101110 01100001 ER FORRITAD OG FORRITAD

Ef þú skildir þetta erum við kannski að leita að þér.  
Við leitum að starfsmanni í þróun hugbúnaðarlausna, bæði í framenda og afturenda.

## SÖLURÁÐGJAFI – FYRIRÆKJAPJÓNUSTA

Ertu þessi hressi?  
Vegna aukinna umsvifa á fyrirtækjamarkaði þurfum við að bæta í hópinn og leitum við því að drífandi söluráðgjafa.

## REIKNINGAGERÐ

Starfsmaðurinn sem kann alla Excel-galdrana.  
Talnaglöggur einstaklingur óskast við vinnslu reikninga, afstemmingar og gæðaeftirlit.

## SÖLU- OG ÞJÓNUSTURÁÐGJAFAR Í VERSLUN OG ÞJÓNUSTUVER

Hér óskum við eftir keppnisskapi.  
Við leitum að framúrskarandi skemmtilegum starfsmönnum til að taka dansinn með okkur í verslunum og þjónustuveri Nova.

## FRÆÐSLU- OG HÓPSTJÓRI

Ertu fæddur leiðtogi?  
Hér óskum við eftir mjög miklu frumkvæði. Starfið er einungis fyrir þá sjálfstæðu og skipulögðu sem geta hrífið aðra með sér.

Áhugasamir sækji um á [www.radum.is](http://www.radum.is) fyrir 13. júlí.  
Allar nánari upplýsingar veitir Hildur Erla Björgvinsdóttir,  
[hildur@radum.is](mailto:hildur@radum.is), sími 519 6770.

# Ertu framúrskarandi bókari?

Creditinfo leitar að öflugum bókarum á fjárreiðusvið félagsins í framtíðarstarf

Starfið felst í skönnun og bókun reikninga, afstemmingum og uppgjörum ásamt samskiptum við viðskiptamenn og lánadrottna. Einnig þarf viðkomandi að vinna að ýmsum fjárhagsgreiningum og hafa samskipti við rekstrareiningar félagsins erlendis.

#### Menntunarkröfur:

- Viðkomandi þarf að vera viðurkenndur bókari og/eða hafa mikla reynslu af bókhaldi.

#### Hæfniskröfur:

- Þekking á NAV bókhaldskerfi er grunnkrafa
- Góð þekking á Excel
- Nákvæmni og skipulögð vinnubrögð
- Áreiðanleiki og frumkvæði
- Sveigjanleiki og samstarfsvilji
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð enskukunnátta bæði í máli og riti

Creditinfo er leiðandi fyrirtæki í miðlun fjárhags- og viðskiptaupplýsinga og veitir einnig fjölbreytta fjölmiðlaþjónustu.



Umsóknarfrestur er til og með 15. júlí.

Upplýsingar um starfið veitir

**Tryggvi Þór Marinósson fjármálastjóri,**

tryggvi@creditinfo.is eða í síma 550 9600.

Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á **atvinna@creditinfo.is** merkt „Bókari“.



## SÖLUMADUR ÓSKAST Í HÚSGAGNAVERSLUN

Óskum eftir reyndum sölumanni í verslun okkar í Reykjavík.

Umsækjendur þurfa að vera eldri en 25 ára og hafa góða tölvukunnáttu. Við leggjum áherslu á góða þjónustulund og stundvísi. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á [hugagnamarkadur@gmail.com](mailto:hugagnamarkadur@gmail.com). Skilafrestur umsókna er til 12. júlí.

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

### Hofsstaðaskóli

- umsjónarkennari

### Leikskólinn Bæjarból

- sérkennslustjóri

### Sjálundsskóli

- kennari á unglingastigi

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)



## Forstöðulæknir slysa- og bráðalækninga

Laus er til umsóknar staða forstöðulæknis við slysa- og bráðalækningar við Sjúkrahúsið á Akureyri. Staðan veitist frá 1. október 2014 eða eftir nánara samkomulagi. Um er að ræða 80 - 100% starfshlutfall og stöðunni fylgir vinnuskylda við slysa- og bráðamóttöku og sjúkraflug. Staðan er veitt til 5 ára.

#### Ábyrgðarsvið:

- Forstöðulæknir veitir slysa- og bráðalækningum faglega forstöðu, ber rekstrarlega ábyrgð og starfsmannaábyrgð.
- Tekur þátt í kennslu heilbrigðisstétta og rannsóknarvinnu.
- Hefur umsjón með starfsmannamálum aðstoðar- og deildarlækna og tekur þátt í þjálfun þeirra og kennslu.
- Læknisfræðilegri þjónustu sjúkraflugs er stýrt af forstöðulækni slysa- og bráðalækninga.

#### Hæfniskröfur:

- Umsækjandi skal hafa íslenskt lækningaleyfi og fullgild réttindi í slysa- og bráðalækningum en til greina kemur að horfa til annarra sérfræðiréttinda.
- Auk fræðilegrar þekkingar og æskilegrar reynslu af stjórnun og kennslustörfum er lögð áhersla á leiðtoga-hæfileika og hæfileika á sviði samskipta.

Slysa- og bráðamóttakan sinnir móttöku veikra og slasaðra, hún er opin allan sólarhringinn og er sú stærsta á landinu utan höfuðborgarsvæðisins. Á ársgrunni eru um 13.500 komur á slysa- og bráðamóttöku.

Næsti yfirmaður er Hildigunnur Svavarsdóttir framkvæmdastjóri bráða-, fræðslu- og gæðasviðs sem gefur nánari upplýsingar um starfið í síma 8600588 og í tölvupósti [hildig@fsa.is](mailto:hildig@fsa.is).

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármálaráðherra.

#### Umsóknarfrestur er til og með 31. júlí 2014

Umsóknum skal skilað, á umsóknareyðublaði Embættis landlæknis, um læknisstöður sem er á vef sjúkrahússins [www.fsa.is](http://www.fsa.is). Umsóknir sendist til Þóru Ákadóttur, starfsmannastjóra Sjúkrahússins á Akureyri, Eyrarlandsvegi, 600 Akureyri eða á netfang [thora@fsa.is](mailto:thora@fsa.is) Umsóknum skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um nám og starfsferil ásamt með upplýsingum um fræðilegar rannsóknir og ritstörf, auk kennslustarfa og staðfest afrit fylgigögnum.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Gildi Sjúkrahússins á Akureyri eru: ÖRYGGI – SAMVINNA – FRAMSÆKNI. Við ráðningar í störf er tekið mið af jafnréttisstefnu sjúkrahússins, sem er reyklaus vinnustaður.

# ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

## SÖLUMADUR Í TIMBURSÖLU OG LAGNADEILD Í BYKO GRANDA

Við erum að leita eftir starfsmanni í timbursölu og lagnadeild BYKO Granda.

#### STARFSSVIÐ:

Starfið felst í samskiptum við iðnaðarmenn, verktaka og einstaklinga auk sölumennsku og heimsókna á verkstaði. Mjög góð vinnuaðstaða og miklir framtíðamöguleikar.

Kostur er að hafa þekking á timburvörum og lagnaefni. Lyftarapróf er kostur. Bæði kynin eru hvött til að sækja um starfið. Starfið er laust nú þegar.

Umsóknarfrestur er til 13. júlí nk. og sótt er um störf á [www.byko.is](http://www.byko.is). Nánari upplýsingar veitir Agnar Kárasón verslunarstjóri í tölvupósti, [agnar@byko.is](mailto:agnar@byko.is) eða í síma 8214005.

# BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.





## Húnabing vestra

### Sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs.

Framkvæmda- og umhverfissvið Húnabings vestra auglýsir laust til umsóknar starf sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs.

Nánari upplýsingar um starfið eru á heimasíðu Húnabings vestra [www.hunathing.is](http://www.hunathing.is)



## Öldrunarheimili Akureyrar

Öldrunarheimili Akureyrar óska eftir að ráða til starfa, hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og starfsfólk við umönnun.

Á Öldrunarheimilum Akureyrar fer fram fjölbreytt og áhugaverð starfsemi sem er í stöðugri þróun. Unnið er eftir Eden hugmyndafræðinni með áherslu á sjálfstæði, góðan heimilisbrag og lífsgæði íbúana.

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is) þar sem sótt er um rafrænt.



Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001



**ÍSOR**  
ICELAND GEOSURVEY

[www.isor.is](http://www.isor.is)

## Sérfræðingur á sviði efnafræði jarðhitakerfa

Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR, leita að metnaðarfullum einstaklingi til að bættast í hóp þeirra sem leiða rannsóknir og þróun á sviði jarðvarma, grunnvatns og kolvetna í jörðu.

Starfið felur í sér vinnu við efnafræði jarðhitakerfa, einkum samspil vökva og gastegunda við berg jarðhitakerfa, en einnig eftir atvikum almennar rannsóknir og ráðgjöf auk kennslu og þjálfunar.

Ráðningartími er tvö ár með möguleika á föstu starfi í framhaldinu.

Fastur vinnustaður er á skrifstofum ÍSOR í Reykjavík eða á Akureyri. Starfið getur falið í sér vinnu utanbæjar eða utanlands og langan vinnudag á köflum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistara- eða doktorspróf í jarðefnafræði eða skyldum greinum.
- Reynsla á sviði efnafræði jarðhitakerfa æskileg.
- Góð kunnátta í efnavarmafræði og eðlisefnafræði.
- Frumkvæði og öguð vinnubrögð.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti.
- Kunnátta í öðrum tungumálum, svo sem spænsku, frönsku eða þýsku, er kostur.

ÍSOR leggur áherslu á að hækka hlutfall kvenna og yngra fólks í starfslíði sínu.

Nánari upplýsingar veitir Ingólfur Ö. Þorbjörnsson deildarstjóri ([ingo@isor.is](mailto:ingo@isor.is)).

Umsóknir má senda á netfangið [gudny@isor.is](mailto:gudny@isor.is), eigi síðar en **21. júlí 2014**.

## Sérfræðingur á Fjármálasviði

Borgun leitar að reyndum og öflugum starfsmanni á Fjármálasvið fyrirtækisins. Starfsmaður tilheyrir reikningshaldsdeild Fjármálasviðs og vinnur í nánú samstarfi við deildarstjóra reikningshalds.

### Helstu verkefni

- ▶ Bókun og afstemmingar
- ▶ Aðstoð við innleiðingu á bókhaldshluta nýs kortakerfis
- ▶ Uppgjörsvinna
- ▶ Skýrslugerð
- ▶ Önnur tilfallandi verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur

- ▶ Háskólapróf á sviði viðskipta eða fjármála
- ▶ 3-5 ára reynsla af bókhaldsstörfum skilyrði
- ▶ Góð tölvukunnátta, t.d. Excel
- ▶ Reynsla úr fjármálageiranum er kostur
- ▶ Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- ▶ Góð þjónustulund og samskiptahæfileikar
- ▶ Sjálfstæði í starfi og hæfni til að vinna undir álagi

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á [www.borgun.is](http://www.borgun.is) fyrir **27. júlí nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Rakel Ýr Guðmundsdóttir mannauðsstjóri í síma 560 1561 eða [ryg@borgun.is](mailto:ryg@borgun.is).



**BORGUN**

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | [www.borgun.is](http://www.borgun.is)

## Teledyne Gavia is seeking a Field Support Engineer who will provide both internal and external customer support for Gavia Autonomous Underwater Vehicles

### Position:

- Conduct Acceptance tests for Gavia vehicles, both in Iceland and abroad
- Provide technical support to Gavia users
- Provide on-site operational support to customers
- Conduct Gavia training courses

### Education and qualification:

- Degree in Engineering or equivalent
- Excellent technical knowledge
- Excellent communication skills
- Experience working at sea or marine equipment preferred
- Ability to travel up to 50%
- Must be able to work in a fast paced and international environment.
- Excellent computer skills

Please send a current CV to [asteingrimsson@teledyne.com](mailto:asteingrimsson@teledyne.com) on or before 13th of July.

## BÍLASMÍÐUR & BÍLAMÁLARI ÓSKAST



Við leitum að vönu fólki sem vill slást í hóp hressra vinnubjarka á verkstæði okkar.

**BÍLARÉTTING  
& SPRAUTUN  
SÆVARIS**

Listhafendur sendi umsókn á [bilarettning@bilarettning.is](mailto:bilarettning@bilarettning.is)

Frekari upplýsingar veitir Gestur í síma 842 1502



**Bormenn**

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða á Selfossi óskar eftir að ráða menn til vinnu við jarðboranir. Mikil vinna framundan. Reynsla æskileg en ekki skilyrði. Nánari upplýsingar veitir Steinn í síma 860-2054. Umsóknir sendist á [steinn@rackto.is](mailto:steinn@rackto.is).



## Iðnaðarmaður

hjá Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum

Vinnslustöðin hf. óskar eftir að ráða iðnaðarmann í flokkunarstöð.

Meginverkefni eru viðhald/viðgerðir á tækjum og búnaði félagsins. Um er að ræða framtíðarstarf.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Vélvirkjun eða sambærilegt er kostur
- Reynsla sem mun nýtast í starfi
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Heiðarleiki og nákvæmni
- Stundvísir og reglusemi

Upplýsingar um störf veitir Guðni Ingvar Guðnason, [guðni@vsv.is](mailto:guдни@vsv.is) eða í farsíma 893-9741.

Í umsóknum þurfa að koma fram ítarlegar upplýsingar um menntun, reynslu og fyrri störf. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað.

Umsóknir óskast sendar í tölvupósti á [guðni@vsv.is](mailto:guðni@vsv.is) eða á skrifstofu félagsins merkt: „Iðnaðarmaður“.

Umsóknarfrestur rennur út sunnudaginn 20. júlí 2014.

Vinnslustöðin er í hópi stærstu sjávarútvegsfyrirtækja landsins. Fyrirtækið er einn stærsti vinnustaðurinn í Eyjum með um 250 fastráðna starfsmenn og fjölda fólks í tímabundnum verkefnum eða störfum. Fyrirtækið greiddi tæpa fjóra milljarða króna í laun á árinu 2013. Vinnslustöðin á og gerir út alls níu skip til uppjavar-, tog- og netaveiða. Vinnslustöðin starfrækir saltfiskverkun, humarvinnslu, bolfiskvinnslu og uppjavarvinnslu. Fyrirtækið á og rekur fiskimjölverksmiðju og frystigeymslu.

Vinnslustöðin hf.  
Hafnargötu 2  
900 Vestmannaeyjar  
Sími 488 8000

[vsv@vsv.is](mailto:vsv@vsv.is) • [www.vsv.is](http://www.vsv.is)



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Lögfræðingur

Velferðarráðuneytið auglýsir eftir lögfræðingi til starfa á skrifstofu heilbrigðisþjónustu.

Skrifstofa heilbrigðisþjónustu annast verkefni sem varða skipulag heilbrigðisþjónustu, sérhæfingu og verkaskiptingu þjónustuaðila. Einnig eru á sviði skrifstofunnar sjúkrahús, heilbrigðisstofnanir, heilsugæsla, heilbrigðisþjónusta utan stofnana, hjúkrunar- og dvalarheimili, lækningatæki, læknisfræðileg endurhæfing, lyf, ávana- og fíkniefni, réttindi sjúklinga og sjúkratryggingar.

Starfið felst einkum í meðferð lögfræðilegra viðfangsefna eins og samningu lagafrumvarpa og reglugerða og afgreiðslu stjórnsýsluerinda og álitgerða. Einnig umsjón og eftirfylgni með framkvæmd laga og þátttöku í stefnumótun er lýtur að málaflokkum skrifstofunnar auk samskipta við Alþingi, Eftirlitsstofnun EFTA, önnur stjórnvöld, stofnanir, hagsmunaaðila og einstaklinga.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði.
- Æskilegt er að umsækjendur hafi góða þekkingu eða reynslu á sviði stjórnsýslu og stjórnskipunar réttar.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipu lagshæfni.
- Gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð kunnátta í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Kostur er að umsækjandi hafi þekkingu á EES- og Evrópurétti.
- Kostur er að umsækjandi hafi þekkingu eða reynslu í þeim málaflokkum sem heyra undir skrifstofuna.

Um er að ræða áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði. Upplýsingar um starfið veita Sveinn Magnússon skrifstofustjóri ([sveinn.magnusson@vel.is](mailto:sveinn.magnusson@vel.is)) og Guðlín Steinsdóttir lögfræðingur ([guðlin.steinsdottir@vel.is](mailto:guðlin.steinsdottir@vel.is)) í síma 545 8100. Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra. Ráðuneytið hvetur karla, jafnt sem konur, til að sækja um starfið.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða í tölvupósti á pósthöfn [postur@vel.is](mailto:postur@vel.is) eigi síðar en 22. júlí nk. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum.

Æskilegt er að starfsmaðurinn geti hafið störf sem fyrst.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS**

## Staða leiðara í víóludeild

Sinfóníuhljómsveit Íslands auglýsir lausa til umsóknar stöðu leiðara í víóludeild frá og með starfsárinu 2014-15.

Hæfnispróf fer fram 2. október 2014 í Hörpu.

Umsóknarfrestur er til **30. júlí** 2014. Umsóknir, ásamt ferilskrá og fylgiskjöllum, skulu berast til Unu Eyþórsdóttur mannauðsstjóra ([una@sinfonia.is](mailto:una@sinfonia.is)).

**Einleiksverk:**  
Fyrsti kafli & kadensa úr Hoffmeister eða Stamitz konsert.  
Fyrsti kafli úr einum af eftirfarandi konsertum: Bartók, Walton eða Hindemith - Der Schwanendreher.

Hljómsveitarpartar verða aðgengi- legir þátttakendum að minnsta kosti tveimur vikum fyrir hæfnispróf.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsvæði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, [www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is), og hjá mannauðsstjóra ([una@sinfonia.is](mailto:una@sinfonia.is)) í síma 898 5017.

## Spennandi tímar framundan hjá fimleikadeild Aftureldingar



Fimleikadeild Aftureldingar er að leita að fimleikajálfara til að taka þátt í uppbyggingu á deildinni í glænýju og glæsilegu fimleikahúsi sem tekið verður í notkun haustið 2014.

Við leitum að fimleikajálfurum með reynslu af hópfimleikum og þjálfaragráðu í fimleikum eða sambærilega menntun. Einnig leitum við af parkourþjálfurum sem hafa áhuga á að byggja upp parkourdeild innan félagsins.

Áhugasamir vinsamlega sendið tölvupóst á [fimleikar@afturelding.is](mailto:fimleikar@afturelding.is) eða hafið samband við yfirþjálfara deildarinnar, Rebekku Y. Rogers í síma 772-1133.



Teledyne Gavia ehf. specializes in the manufacturing of Autonomous Underwater Vehicles. Teledyne Gavia is owned by the U.S. company Teledyne Technologies; for more information Visit our website at [www.teledynegavia.com](http://www.teledynegavia.com)

## Teledyne Gavia ehf. is hiring for a Service Technician

### Position :

- Provide Technical Support to our global customers
- Field Service Support, must be willing and able to travel internationally when necessary
- Diagnose and complete maintenance, service reports and quotations for repairs for all service jobs within strict deadlines
- Regular customer interface, running Advanced Maintenance Training

### Education and Qualifications:

- Immediate availability is highly desirable
- Journeyman Certificate (Rafeindavirki)
- 3+ years work experience
- Working knowledge of Windows
- Experience with Linux is desirable but not required
- Must be able to work independently and meet strict deadlines
- Must be very organized and adhere to strict company processes and procedures to maintain our customer service standards

Please send a current CV to [jferguson@teledyne.com](mailto:jferguson@teledyne.com) on or before 13 July.



### ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA:

Rafmagns verkfræðinga, tæknifræðinga eða iðnfræðinga með reynslu af iðnstýringum og skjástýrikerfum, reynsla af forritun iðntölva er kostur en þó ekki skilyrði.

Raftákn verkfræðistofa er með starfsstöðvar bæði á Akureyri og í Reykjavík. Hjá fyrirtækinu vinna á þriðja tug starfsmanna í þessum tveim starfsstöðvum.

Umsóknir sendist á [raftakn@raftakn.is](mailto:raftakn@raftakn.is) eða Raftákn ehf, Glerárgötu 34, 600 Akureyri.

Upplýsingar um starfseminu eru fúslega veittar af Árna V. Friðrikssyni framkvæmdastjóra í síma 464-6404, einnig er að finna upplýsingar um fyrirtækið á heimasíðu [www.raftakn.is](http://www.raftakn.is)

## Hefurðu ástríðu fyrir mat?

Veitingastaðurinn NAM á Nýbýlavegi hefur fengið frábærar viðtökur og þarf að bæta við sig vaktstjóra í eldhúsi.

Viðkomandi þarf búa yfir:

- ástríðu fyrir matargerð
- reynslu á sviði matreiðslu
- frumkvæði og metnaði í starfi

Snyrtimennska og stundvísi er skilyrði! Lágmarksaldur umsækjenda er 20 ár.

Sendu umsókn og ferilskrá á [kristleifur@namreykjavik.is](mailto:kristleifur@namreykjavik.is) eða fáðu upplýsingar í síma 858-0974 á dagvinnutíma.

Umsóknarfrestur er til 14. júlí.

NAM er nútíma asísk matargerð. Fallegur, frumlegur og ferskur matur undir áhrifum frá Austur-Asíu.



H F M  
U O O  
N R R  
G E  
R Y



## Rekstrarþjónusta Íslandsbanka

## Sérfræðingur á sviði upplýsingatækni

Umsóknarfrestur er til og með 14. júlí nk.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is) og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Rekstrarþjónusta Íslandsbanka leitar að öflugum einstaklingi til starfa í upplýsingatækni með áherslu á greiningu og fjármál tengd hugbúnaðar- og viðhaldssamningum. Viðkomandi verður í samskiptum og samstarfi við aðrar deildir bankans sem og erlenda og íslenska birgja.

### Helstu verkefni:

- Umsjón og eftirlit með leyfismálum
- Samningagerð við birgja í upplýsingatækni
- Þátttaka í áætlunargerð og upplýsingagjöf til deilda bankans
- Kostnaðareftirlit og greiningarvinna vegna upplýsingatæknimála

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking og reynsla í upplýsingatækni
- Reynsla af leyfismálum og hugbúnaðarúttektum
- Rík greiningarhæfni, talnaskilningur og nákvæmni
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

Við bjóðum góða þjónustu. Hjú Íslandsbanka starfa um 1.000 starfsmenn. Við sækjumst eftir starfsfólki sem er jákvætt, faglegt og framsýnt og leitar ávallt bestu lausna fyrir viðskiptavinum bankans. Framtíðarsýn Íslandsbanka er að vera númer eitt í þjónustu.



# Hjúkrunarfræðingur deildarstjóri

Starf hjúkrunardeildarstjóra er laust til umsóknar hjá hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð

Á deildinni eru 27 hjúkrunarrými þar af eru 4 rými fyrir hvíldarinnlagnir.

Starfinu fylgir spennandi vinna við stefnumótun og uppbyggingu á starfsemi heimilisins með nýjum aðilum sem tóku við rekstri heimilisins frá síðustu áramótum. Starfið er laust frá 1. október 2014 eða eftir nánara samkomulagi.

Umsóknir sendist til: Dagmar Huld Matthíasdóttir, hjúkrunarforstjóri  
S: 894-4128, dagmar@sunnuhlid.is, sem jafnframt veitir nánari upplýsingar.

**Sunnuhlíð**  
Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi



SNÝRTISKÓLINN

**Snýrtiakademían í Kópavogi óskar eftir kennara til starfa í Snýrtiskólann.**

Snýrtiskólinn er einkarekinn framhaldsskóli með starfsleyfi frá mennta- og menningamálaráðuneytinu.

Í Snýrtiakademíunni eru 3 skólar, Snýrtiskólinn, Föðunarskólinn og Fótaaðgerðaskóli Íslands.

Um er að ræða 50% stöðu við kennslu í snýrtigreinum. Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Framhaldsskólakennsluréttindi til kennslu.
- Starfsreynsla krafist.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Jákvæðni og lipurð í samskiptum.

Umsóknir sendist á  
**halldora@snýrtiakademian.is**  
eigi síðar en 13. júlí.




## Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Enskukennari	Menntaskólinn á Akureyri	Akureyri	201407/535
Forstöðulæknir	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201407/534
Verkefnastjóri	HÍ, EDDA - öndvegissetur	Reykjavík	201407/533
Verkefnastjóri	HÍ, rannsóknast. í jafnréttisfræðum	Reykjavík	201407/532
Akademískur sérfræðingur	HÍ, Stofnun rannsóknasetra	Egilsstaðir	201407/531
Sérfræðingur í alþj. jafnréttisfræðum	HÍ, Jafnréttisskóli Háskóla SP	Reykjavík	201407/530
Doktorsnemi	HÍ, Lífvisindasetur	Reykjavík	201407/529
Verkefnastjóri	HÍ, Jafnréttisskóli Háskóla SP	Reykjavík	201407/528
Heilsugæsluritari	Heilsugæslan Efra-Breiðholti	Reykjavík	201407/527
Móttökuritari	Heilsugæslan Efra-Breiðholti	Reykjavík	201407/526
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæslan Miðbæ	Reykjavík	201407/525
Dýralæknir	Matvælastofnun	Landið allt	201407/524
Sérfræðingur	Geislavarnir ríkisins	Reykjavík	201407/523
Meðferðaraðili / Sálfræðingur	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Keflavík	201407/522
Lögfræðingur	Velferðaráðuneytið	Reykjavík	201407/521
Sérfræðingur	Íslenskar orkurannsóknir	Reykjavík	201407/520
Skrifstofustarf á mannauðsdeild	LSH, mannauðsdeild	Reykjavík	201407/519
Sjúkraliði	LSH, birgðastöð	Reykjavík	201407/518
Kennari á rafiðnasviði	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Reykjavík	201407/517
Ljósmyndir	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Keflavík	201407/516
Eftirlitsdýralæknir í Suðurumdæmi	Matvælastofnun	Selfoss	201406/515
Dýralæknir	Matvælastofnun	Reykjavík	201406/514
Umsjónarmaður bygginga	Menntaskólinn við Sund	Reykjavík	201406/513
Kennari og umsjónarmaður	Framhaldsskólinn á Laugum	Laugar	201406/512

**www.vinna.is**

**vinna.is**  
sími: 511 1144



## MANNAUÐSDEILD Skrifstofustarf

Landspítali er fjölmennasti vinnustaður landsins með um 4.800 starfsmenn. Spítalinn leggur áherslu á öryggi, skilvirka verkferla, ábyrgan rekstur og góða vinnustaðamenningu. Mannauðsdeild leggur drög að stefnu spítalans í mannauðsmálum og er öðrum skipulagseiningum spítalans til ráðgjafar um starfsmannatengd mál.

Við leitum eftir jákvæðum og lausnamiðuðum einstaklingi, karli eða konu, með gott viðmót, til að vera andlit þeirrar þjónustu sem við veitum. Viðkomandi fær góða starfsaðlögun hjá reyndum skrifstofumanni.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- » Móttaka og símsvörur
- » Upplýsingagjöf og samskipti við viðskiptavini og starfsmenn
- » Almenn og sérhæfð skrifstofustörf á deild
- » Skráning og skjalavarsla
- » Innkaup, pantanir fyrir mannauðsdeild
- » Ýmis tilfallandi verkefnavinna í samráði við starfsmannastjóra

### Hæfniskröfur

- » Menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- » Gott ritað og mælt íslenskt mál, önnur tungumálakunnátta æskileg
- » Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar
- » Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og metnaður í starfi
- » Góð tölvukunnátta

### Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 21. júlí 2014.
- » Starfshlutfall er 100%, unnið er í dagvinnu.
- » Ráðið er í starfið frá og með 15. ágúst 2014 en upphafsdagur og vinnufyrirkomulag er samkomulagsatriði.
- » Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá. Ákvörðun um ráðningu í starfið verður byggð á innsendum gögnum og eftir atvikum viðtölum við umsækjendur.
- » Upplýsingar veita Arna Pálsdóttir, verkefnastjóri, netfang arnap@landspitali.is, sími 543 1334 og Bryndís Hlöðversdóttir, starfsmannastjóri, netfang bryndishlo@landspitali.is, sími 543 1343.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélag og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á: [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is), undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



**Aðstoð óskast á tannlæknastofu í Reykjavík**

Tannlæknastofa í Reykjavík óskar eftir aðstoð/tanntækni til starfa.  
Um er að ræða 70% starf til klukkan 18 alla virka daga.  
Umsóknir skuli berast í box@frett.is merkt: **Aðstoð-0507**  
Umsóknarfrestur er til 13. júlí.

**Sölufulltrúi****Miklir tekjumöguleikar fyrir duglegt fólk**

Útgáfufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir sölufulltrúum í fullt starf. Um er að ræða sölu- og kynningastarf fyrir fjölda allan af ýmis konar ritum sem fyrirtækið gefur út, sjá **heimasíðuna www.sagaz.is**

Krefjandi starf í skemmtilegu umhverfi.  
Reynsla af sölu- og kynningarmálum æskileg en ekki skilyrði. Athugið tekjur eru árangurstengdar en tekjumöguleikar miklir!

Umsóknir skulu sendar á netfangið **umsokn@sagaz.is fyrir 11. júlí nk.**

**VANTAR AFLEYSINGA STYRIMANN OG VÉLSTJÓRA**

Dögum ehf. leitar að stýrimanni og yfirvélstjóra á rækjuskipið RÖST SK-17 til afleysinga frá og með mánudeginum 07. Júlí Vélstjóri þarf að vera með tilskilin réttindi og með reynslu til sjós, helst sem yfirvélstjóri. Skipið er með 684Kw aðalvél.

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsóknir, með upplýsingum um menntun og fyrri störf, með tölvupósti til: **reyktal@reyktal.is.**

Nánari upplýsingar veita Hjálmar Vilhjálmsson í síma 896-9713 og Ólafur Óskarsson í síma 895-9713.

